



kjarninn

4. útgáfa – 12. september – vika 37

NÝ BÓLA SKRIFUÐ Í SKÝIN

Leiguverð hefur
hækkað hratt að
undanförnu

Þúsundir Íslendinga
lenda í húsnæðisvanda
að óbreyttu

Stærstu árgangar
Íslandsögunnar að koma
inn á fasteignamarkað

Efnisyfirlit

4. útgáfa
12. september 2013
vika 37

EFNAHAGSMÁL



Kröfuhafar bíða átekta en vilja svör

Kröfuhafar Glitnis hafa sent formlegt erindi til ráðherra og seðlabankastjóra

Smelltu á fyirsagnimar til að lesa efnið

ÍPRÓTTIR



SÓKNARHERINN ÍSLENSKI SLÆR Í GEGN

Íslenska landsliðið í knattspyrnu
liggur ekki bara í vörn lengur

VIÐSKIPTI



SLIM REYNIR FYRIR SÉR Í EVRÓPU

Ríkasti maður heims reynir að taka
stærri skref inn á símamarkað í
Evrópu

TÆKNI



MAÐURINN SEM VEIT ALLT UM GÖGN

Talar fyrir þverfaglegri nálgun
þegar kemur að því að skilja gögn
betur

VIÐHORF

PISTILL

Hvar stendur hnífurinn í
kúnni?

ÁLIT

Sýrland – fólkið ætti að vera
í fyrirrúmi

FASTIR LIÐIR

ÁLIT

Trunt trunt og tröllin

STJÓRNMÁL

Framsókn að vígbúast

DÓMSMÁL

Skuldaniðurfellingarloforðin

DÓMSMÁL

Margt að gerast hjá sérstök-
um saksóknara

TÆKNI

Microsoft veðjar á mynda-
vélasíma

EXIT



ÍPRÓTTIR

Eins marks undur

KAROLINA FUND

Íslenskt hugvit fær heims-
athygli

TÓNLIST

Á tónlist að vera ókeypis?

KVIKMYNDIR

Toronto titrar

AF FORMINU SPRETTUR FULLKOMIN SAMHÆFING



Lexus IS300h er hannaður til að hreyfa við þér. Glæsilegar sportlegar línur og ríkulegur staðalbúnaður gera aksturinn að 223 hestalla lífsnauti. Mægnuð samhæfing með Lexus hybrid-kerfinu sparar bæði eldsneyti og útblástur án þess að glata mýkt eða snerpu. Fæguð tækni, snertiskjór, margmiðunarkerfi og bakmyndavél, gefa hverju augna bliki nýja vidd undir stýri.

Nýr Lexus IS300h. Komdu. Reynsluaktu.

lexus.is



Menning og virðing

LEIÐARI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Í sumar héldum við frændsystkinin tónleika á heimaslóðum okkar á Halldórsstöðum í Laxárdal í Suður-Pingeyjarsýslu. Ásgeir Trausti Einarsson, tónlistarmaðurinn vinsæli, hafði boðað komu sína en boðaði forföll á síðustu stundu vegna veikinda sem héldu honum rúmliggjandi. Nokkrum klukkutímum áður en tónleikarnir áttu að hefjast náðum við sambandi við Sigurð Guðmundsson, söngvara og hljóðfæraleikara. Hann sló til, tók flugið norður og hélt algjörlega ógleymanlega tónleika í smekkkullri hlöðunni. Einn með gítarinn.

Þetta var menningarviðburður eins og þeir gerast bestir og skemmtun sem ekki verður metin svo auðveldlega til fjár. Aðgangseyrir var enginn en niðurstaðan sú sem að var stefnt; skemmtileg kvöldstund fyrir fjölskyldu, vini og kunningja.

Menning verður oft að miðpunkti kaffistofurifrilda þegar fjármál hins opinbera og forgangsroðun í ríkisrekstri eru annars vegar, og ekki að ástæðulausu. Ríkissjóður Íslands stendur illa. Hann er sá fimmti skuldugasti í Evrópu, með skuldir upp á rúmlega árlega landsframleiðslu. Vaxtakostnaður vegna ársins 2013 er áætlaður 88 milljarðar, sem er fullkomlega óviðunandi. Í því ljósi er eðlilegt og sjálfsagt að kafa ofan í ríkisreksturinn, velta við öllum steinum og reyna að hámarka þjónustunotkun hverrar krónu. Staðan býður einfaldlega ekki upp á annað og það er gott til þess að vita að ríkisstjórnin sé að skoða fjármálin vel eins og ráðherrar hafa sagt að undanfögnu.

Hér á landi hefur hið opinbera stutt við menningarstarfsemi með margvíslegum hætti, til dæmis með rekstri sinfóníuhljómsveitar, þjóðleikhúss, safna og ríkisútvarps. Í mínum huga þarf rökræðan um það hvernig hið opinbera á að styðja við menningu á hverjum tíma að vera lifandi og sýnbreytileg, í takt við breytingar og þróun á hinum ýmsu sviðum menningar. Á sama tíma þarf að bera virðingu fyrir því að stjórnámamenn vita ekki best hvernig á að sinna menningarstarfsemi. Á því sviði er til sérfræðiþekking eins og á öðrum sviðum og hún er í höndum listamanna og þeirra sem þekkja til rekstrar menningartengdar starfsemi.

Dæmi um hvar mætti gera gagngerar breytingar er hjá ríkisútvarpinu. En það eru fyrst og síðast innri breytingar til þess að laga starfsemina að gjörbreyttu landslagi þegar kemur að miðlun á efni. Pólitísk afskipti af ritstjórnarvinnu fréttastofunnar eiga að sjálfsögðu ekki að vera nein og hugmyndir þeirra sem hafa nefnt þau, viljandi eða óviljandi, eru þeim til skammar.

Stefna hins opinbera þegar kemur að menningarstarfsemi er bæði vandmeðfarin og krefjandi. En það sem mestu skiptir þegar hagræn áhrif menningar eru metin er að átta sig á því að þau eru fyrst og fremst fólgin í margfeldi. Menning er hagrænn margfaldari og styður við ýmsa aðra geira hagræfisins með augljósum og afgerandi hætti. Þetta hefur verið leitt fram í rannsóknum, meðal annars eftir Ágúst Einarsson prófessor. Í þeim er niðurstaðan sú að framlög hins opinbera til menningar, til dæmis tónlistar, hafa mikil og jákvæð margfeldisáhrif og skila sér til baka og meira til. Þetta þýðir ekki að framlögin geti verið óstjórnlega há, því þá græði allir óstjórnlega, eins og sumir þeirra sem virðast njóta þess að snúa út úr vilja meina. Því eru takmörk sett eins og öllu öðru.

Áratugum saman hefur verið þverpólitísk sátt um það hér á landi að hið opinbera styðji myndarlega við menningu. Í mínum huga yrði það glapræði að draga þannig úr stuðningi við hana að undirstaðan veikist mikið og jafnvel varanlega. Það getur svo sannarlega gerst, jafnvel þótt það hafi ekki verið meiningin hjá stjórnámamönnum. Afleiðingarnar yrðu efnahagslega neikvæðar, í ljósi margfeldisáhrifa á aðra geira, þó að stærðirnar blikni við hlið annarra áskorana sem ríkissjóður stendur frammi fyrir.

Það er aðeins á valdi þeirra sem mestar upplýsingar hafa að ákveða endanlega hversu háar fjárhæðir eiga að renna til menningarstarfsemi á sama tíma og velferðarkerfið er undir miklu álagi. Stjórnámamenn eru í þessu hlutverki og það er þeirra að móta stefnu í þessum málum til framtíðar. Allir sýna því skilning að þetta sé erfitt verkefni og gera þá kröfu að vandað sé til verka.

Alveg eins og hjá Sigurði Guðmundssyni á Halldórsstöðum í sumar er eðlilegt að hugsanir vakni um hversu mikils virði menningin sé í krónum talið. Eins blákalt og það hljómar fyrir stjórnámamenn sem eru að setja saman frumvarp til fjárlaga að telja krónurnar verður sumt ekki metið glögglega til fjár. Þá þarf að kafa dýpra, setja hlutina í samhengi og horfa til heildarmyndarinnar.

Mér er það minnisstætt þegar ég var að vinna að úttekt á umfjöllun um ímynd Íslands erlendis. Þá hringdi ég í Birki Hólm Guðnason, framkvæmdastjóra Icelandair, eins stærsta fyrirtækis landsins. Hann sagði að einn stærsti og áhrifa-mesti einstaki þátturinn sem tengdi útlendinga við Ísland væri Björk Guðmundsdóttir söngkona. Þetta hefði hann lært af áralangri vinnu erlendis við markaðssetningu á Íslandi.

Það er vel hægt að opna excel-skjal og byrja að meta þessi áhrif Bjarkar til fjár fyrir Ísland með því slá inn nokkrar lykiltölur og átta sig á samhenginu. Með hófsamri nálgun er hægt að fá fram stórar jákvæðar tölur. En fyrst þarf að gera eins og Sigurður Guðmundsson þegar hann fékk gestina í hlöðunni til þess að syngja með sér í viðlaginu; Ég er kominn heim. Það er að nálgast viðfangsefnið af virðingu.



Kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjóri: Gísli Jóhann
Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



Kröfuhafar sýna frumkvæði

EFNAHAGSMÁL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Slitastjórn Glitnis sendi erindi á Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Bjarna Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Má Guðmundsson Seðlabankastjóra hinn 27. ágúst síðastliðinn. Í því erindi kom fram að kröfuhafar föllnu bankanna væru tilbúnir til viðræðna um hvað þyrfti til að leyfa þeim að klára nauðasamninga sína, en bæði Glitnir og Kaupþing sendu beiðnir um undanþágu frá gjaldeyrishöftunum til að gera slíkt til Seðlabankans fyrir áramót.





Smelltu til að lesa um
Iceland Investment
Forum 2013

Þeim beiðnum hefur ekki verið svarað á neinn hátt. Slíkar viðræður eru eitt mikilvægasta skref sem Íslendingar geta stígið í átt að afléttingu gjaldeyrishafta.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir að í bréfinu hafi verið kallað eftir því að stjórnvöld tilgreindu með skýrum hætti hver viðmælandi kröfuhafanna ætti að vera. „Það er búið að vinna heilmikla vinnu á ýmsum möguleikum sem hægt væri að ræða. Við þurfum bara að vita við hvern við eigum að ræða,“ segir Steinunn. Erindi slitastjórnarinnar, sem sent var fyrir rúmum tveimur vikum, hefur ekki verið svarað með neinum hætti.

Kjarninn sendi fyrirspurn á aðstoðarmenn forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra vegna málsins. Henni hafði ekki verið svarað þegar Kjarninn kom út.

Kallaði eftir frumkvæði

Í viðtali við Kjarnann, sem kom út 22. ágúst síðastliðinn, sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra að það væru sameiginlegir hagsmunir kröfuhafa og íslenskra stjórnvalda að leysa úr málefnum þrotabúa gömlu bankanna með þeim hætti að hægt væri að afnema gjaldeyrishöftin. „Þess vegna finnst mér tilefni til að gera ráð fyrir því að kröfuhafarnir muni vilja leggja fram lausn. Þeir þurfa að sýna frumkvæði í þessu. Ég geri ráð fyrir því að kröfuhafarnir séu að meta stöðu sína og hvað sé raunhæft. Vonandi gerist það fljótlega.“

Sigmundur Davíð var síðan í öðru viðtali við fréttasíðuna Eyjuna fyrr í þessari viku. Þar sagði hann að það þyrfti „að skapa ákveðið svigrúm til að hægt sé að aflétta höftum. Það svigrúm er miklu meira en nemur kostnaðinum við leiðréttingu lána. Slík leiðrétting er líka skynsamlegasta og réttlátasta leiðin til að nýta hluta svigrúmsins“.

Leiðréttingin sem Sigmundur Davíð boðar er á verðtryggðum húsnæðislanum. Sérstakur sérfræðingahópur hefur verið skipaður til að útfæra þær breytingar.

Byrjað að eyða án þess að ræða

Ljóst er á orðum Steinunnar að slitastjórnin hefur sýnt

Umboðslaus Seðlabanki
Stjórnendur Seðlabanka Íslands,
sem samkvæmt lögum er sjálfstæð
stofnun sem á meðal annars að
stuðla að fjármálastöðugleika,
telja sig ekki hafa umboð til
að eiga viðræður við kröfuhafa
um uppgjör þrotabúa Glitnis og
Kaupþings.



KRÓNUHÓPURINN

Krónuhópurinn (ISK-group) er hópur sem kröfuhafar Glitnis og Kaupþings mynduðu í febrúar síðastliðnum til að kanna forsendur fyrir því að losa um eignir þrotabúanna, sérstaklega í íslenskum krónum. Í hópnum sitja fulltrúar stærstu kröfuhafa

föllu bankanna tveggja auk ráðgjafa sem vinna fyrir slitastjórnir Glitnis og Kaupþings. Stærstu kröfuhafarnir eru bandarískir vogunarsjóðir sem hafa keypt urmul skuldabréfa á Glitni og Kaupþing á síðustu árum.

frumkvæði og lagt fram mjög skýrar óskir um viðræður. Samkvæmt upplýsingum Kjarnans hafa aðrir hópar á vegum kröfuhafa sömuleiðis leitað eftir því við forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabankann að þeir fái upplýsingar um við hverja þeir eigi að ræða til að geta klárað nauðasamninga sína. Þeir hafi sýnt því fullan skilning að ekki hafi verið umboð hjá síðustu ríkisstjórn til að leiða slíkar viðræður vegna kosninganna í apríl. Þeir hafi líka sýnt því fullan skilning að það hafi tekið nýja ríkisstjórn nokkurn tíma að setja sig inn í málin. En þeir skilji hins vegar ekki af hverju forsætisráðherra kalli ítrekað eftir frumkvæði frá þeim með annarri hendinni en neiti að ræða við þá með hinni né að skýra við hverja þeir ættu að ræða, nú tæpum fimm mánuðum eftir kosningar.

Umboðslaus Seðlabanki

Gott dæmi um þá klaufalegu stöðu sem er uppi í málinu eru fundir sem fulltrúar kröfuhafa áttu með Seðlabanka Íslands skömmu eftir að erindi slitastjórnarinnar var sent. Fimmtudaginn 29. ágúst fór fram svokallaður tæknifundur milli krónuhópsins svokallaða og starfsmanna Seðlabankans. Á slíkum fundum eiga sér ekki stað neins konar samningaviðræður heldur er verið að fara yfir útfærslur. Daginn eftir, föstudaginn 30. ágúst, átti víðari hópur fulltrúa kröfuhafa fund með Má Guðmundssyni seðlabankastjóra. Á fundinn mættu, auk meðlima í krónuhópnum, Matt Hinds og fulltrúar Binghamlögfræðistofunnar, sem eru umboðsmenn skuldabréfaeigenda í hópi kröfuhafa. Upphaflega stóð til að fundurinn yrði bara með seðlabankastjóra en á síðustu stundu var ákveðið að öll framkvæmdastjórn bankans sæti hann. Heimildir Kjarnans herma

RÁÐSTEFNA Í LONDON Í NÆSTU VIKU

Eins og Kjarninn greindi frá í síðustu viku hefur af ýmsum ástæðum reynst erfitt að laða erlenda fjárfestingu til Íslands. Sú helsta er gjaldeyrishöftin. Í næstu viku, hinn 19. september, standa íslensk stjórnvöld fyrir ráðstefnu í London undir heitinu „Iceland Investment Forum 2013“. Meðal viðfangsefna ráðstefnunnar eru áhugi erlendis á rfsandi atvinnugreinum á Íslandi og mat á „exit environment“, eða leiðum fyrir fjárfesta að komast

aftur út úr íslensku haftahagkerfi þegar þeir hafa hætt sér þangað inn. Aðalræðumaður ráðstefnunnar er Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. Meðal annarra staðfestra ræðumanna eru Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra, Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, og Mario Rotllant, spænskur stjórnarformaður Vífilfells.

að sérstaklega hafi verið tekið fram í upphafi fundarins að ekki væri um formlegan samningafund að ræða. Seðlabankinn telji sig einfaldlega ekki hafa umboð til að standa fyrir slíkum viðræðum en geti hins vegar ekki skýrt hver sé með slíkt umboð.

Það er vægast sagt skrýtin staða að Seðlabankinn, sem á samkvæmt lögum að vera sjálfstæð stofnun og ein af frumskyldum hans að stuðla að fjármálastöðugleika, telur sig ekki njóta trausts stjórnvalda til að sinna skyldu sinni. Vantraustið snýr ekki sýst að Má Guðmundssyni seðlabankastjóra. Innan Seðlabankans óttast samherjar Más að skipunartími hans verði ekki endurnýjaður þegar fimm ára ráðning hans rennur út á næsta ári, heldur muni ríkisstjórnin koma „sínnum manni“ inn.

Tilbúnir í viðræður

Nokkuð ljóst er að kröfuhafar eru tilbúnir að setjast að samningaborðinu ef þeir fá að vita við hvern þeir eiga að semja. Þeir lögðu fram nauðasamninga í október og nóvember 2012 þar sem lagðar eru fram þær leiðir sem þeir vilja fara til að gera upp þrotabú Glitnis og Kaupþings. Í þeim nauðasamningum er ekki gert ráð fyrir að neinar krónueignir yfirgefi íslenskt hagkerfi og lögð fram átta ára áætlun um að greiða úr búunum. Því liggur ekki fyrir hvað þeir eru tilbúnir að gefa eftir af íslenskum eignum sínum til að fá að yfirgefa íslenskt hagkerfi. Til þess að fá þá tölu fram þarf viðræður.

Þær viðræður við kröfuhafa um uppgjör þrotabúa Glitnis

og Kaupþings leika lykilhlutverk í afnámi gjaldeyrishafta. Eignir kröfuhafa þeirra í íslenskum krónum eru að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á bilinu 700 til 850 milljarðar króna. Stór hluti þeirra eigna er í eignarhlutum í Íslandsbanka og Arion banka. Ef þeir eignarhlutir verða seldir fyrir gjaldeyri leysist hluti af þeim vanda sem þessi mikla krónueign skapar. Eins og Kjarninn hefur áður greint frá er mikill áhugi frá Kína og Hong Kong á því að eignast Íslandsbanka. Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, og Árni Tómasson, áður formaður skilanevndar Glitnis og nú ráðgjafi slitastjórnar hans, eru sagðir vera mjög áfram um þá sölu.



VILLTA ESTRIÐ

Ungt fólk á erfitt með að leigja og kaupa íbúðir.
Fyrirsjáanlegt er að staða mála muni versna
mikið á næstu misserum. Leiguverð er orðið
himinhátt og hertar reglur varðandi lán útiloka
marga frá því að geta keypt íbúð.

NEYTENDUR

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Fyrirsjáanlegt er að þúsundir Íslendinga á höfuðborgarsvæðinu, einkum ungt fjölskyldu-fólk, muni lenda í miklum húsnæðiserfiðleikum á næstu misserum vegna slæmrar stöðu sem upp er komin á fasteignamarkaði. Hún felst í samspili fjögurra þátta helst; mikillar eftirspurnar eftir litlum og meðalstórum íbúðum á sama tíma og framboð er takmarkað – einkum miðsvæðis í Reykjavík – háu leiguverði, veikri réttarstöðu leigjenda samanborið við mörg önnur ríki og síðan miklum kröfum bankanna um eiginfjárframlag þegar fasteignalán er tekið. Fólk þarf að reiða fram meira fé en áður þegar lán er tekið og reynist það mörgum óyfirstíganleg hindrun.

Íbúð til leigu

Samkvæmt talningu sem Samtök iðnaðarins stóðu fyrir á vormánuðum þessa árs eru um 1.300 íbúðir í byggingu. Af þeim voru 800 íbúðir fokheldar eða lengra komnar í byggingu og hafin var bygging á um 500 til viðbótar sem var skemmra á veg komin. Frá þessum tíma hefur vinna hafist við um byggingu 200 íbúða til viðbótar og því eru samtals um 1.500 íbúðir í byggingu. Meirihluti þeirra telst til dýrari eigna, samkvæmt mati Samtaka iðnaðarins. Þörfin er hins vegar mest fyrir ódýrari eignir, einkum fyrir þann hóp sem er að kaupa sína fyrstu íbúð, ungt fólk. Í eðlilegu árferði þarf að byggja um 1.500 til 1.800 íbúðir árlega til þess að mæta eftirspurn vegna fólksfjölgunar og nýs hóps sem kemur út á fasteignamarkað, ýmist til þess að leigja eða kaupa. Allt frá sumarmánuðum 2008 hefur hverfandi lítið verið byggt litlum íbúðum. Þegar fjármálakerfið hrundi var töluvert offramboð af íbúðum, en á um tveimur árum má segja að eftirspurnin hafi eytt því offramboði. Frá þeim tíma hefur of lítið verið byggt, enda aðstæður fjandsamlegar. Fjárhagsstaða margra verktaka var erfið og höfðu þeir ekki tækifæri á því að fara út í nýbyggingar. Aðalvandinn var þó sá að byggingarkostnaður hafði hækkað mikið á skömmum tíma og því borgaði sig einfaldlega ekki að byggja. Kostnaðurinn

við byggingu íbúða, einkum fyrstu tvö til þrjú árin eftir hrunið, var mun meiri en markaðsvirði þeirra. Þetta var grunnrótin að þeim vanda sem nú er sjáanlegur og er mörgum mikið áhyggjuefni, samkvæmt heimildum Kjarnans. Ekki aðeins sérfræðingum sem hafa fylgst með gangi mála á fasteignamarkaði lengi, hjá hagsmunasamtökum í atvinnulífinu, stéttarfélögum og Seðlabanka Íslands, svo dæmi séu tekin, heldur einnig hjá ríkisstjórninni og sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu. Í stuttu máli er vandinn sá að of lítið framboð er af litlum íbúðum á svæðum þar sem fólk vill helst komast í þær á höfuðborgarsvæðinu, sem þrýstir upp leiguverði. Þegar kemur að kaupum á fyrstu íbúð geta aðeins þeir keypt sem eiga eða hafa aðgang að nokkrum milljónum í reiðufé. Ef tekið er dæmi af tuttugu milljóna króna eign þurfa þeir sem vilja taka lán fyrir henni að leggja fram að lágmarki fjórar til fimm milljónir króna, miðað við þær reglur sem bankarnir vinna eftir. Sé horft til neysluviðmiða velferðarráðuneytisins og meðallauna tekur það fólk í algengustu stöðu um áratug að safna slíkri upphæð. Sérstaklega er erfitt um vik fyrir marga eftir að lánsveðin svonefndu, þar sem viðbótarveð voru fengin frá aðstandendum, oft foreldrum, voru aflögð eða bönnuð. Þetta hefur leitt til þess að fólk sem ekki á sterkefnaða foreldra eða aðgang að fjármagni hjá öðrum aðstandendum getur einfaldlega ekki keypt íbúð. Ekki bara núna heldur ekkert frekar í nánustu framtíð.

Þrýstingur í eina átt

Í ljósi þess að öll sund eru lokuð fyrir margt ungt fólk sem vill kaupa húsnæði leitar það á leigumarkaðinn. Þar er mikill vandi farinn að gera vart við sig vegna þess hve margir hafa leitað inn á leigumarkað á skömmum tíma á meðan framboðið er takmarkað. Frá því að Þjóðskrá Íslands hóf að mæla þróun leiguverðs í janúar 2011 hefur leiguverð hækkað að nafnvirði um 26 prósent. Samhliða hefur fasteignaverð hækkað sömuleiðis, um ríflega sautján prósent. Verðið á svæðunum þar sem eftirspurnin er mest hækkar sífellt. Í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar að Seltjarnarnesi

meðtöldu hefur leigurveð hækkað hratt. Í janúar 2011 var meðalleiguverð þriggja herbergja íbúðar ríflega 1.400 krónur á fermetrann. Í júní á þessu ári var meðalverðið komið upp í tæplega 2.100 krónur á fermetrann. Meðalleiguverð stúdíóíbúða hefur einnig hækkað mikið. Í janúar 2011 var það 1.600 krónur á fermetrann en var komið upp í ríflega 2.400 krónur í júní á þessu ári. Viðmælendur Kjarnans sem hafa góða inn-sýn í leigumarkað segja að verðið sé sífellt að hækka, en þeir árgangar 21–25 ára fólks sem nú eru að koma út á fasteignamarkað eru þeir stærstu í Íslandsögunni. Samtals eru 23.143 Íslendingar fæddir á þessum fimm árum, frá 1988 til og með 1992. Sökum þess hve stór hópur þetta er gæti leiguverð enn hækkað og eftirspurn eftir litlum vel staðsettum íbúðum aukist.


Vanproskaður markaður

Önnur vandamál sem komið hafa upp í tengslum við hinn gríðarlega öra vöxt leigumarkaðar tengjast veikburða regluverki, eins og einn viðmælandi Kjarnans orðaði það. Hér á landi eru réttindi leigjenda allt önnur og minni en þekkest þar sem leigumarkaður er rótgrónari. Það á til dæmis við um hin Norðurlandarárikin, þar sem áratuga hefð er fyrir leigufélögum og samskiptum leigjanda við leigusala. Réttarstaða leigjenda er betur tryggð í samningum en hér, einkum ef kemur til þess að leigusalar vilji segja upp leigusamningi. Neytendasamtökin hafa bent á að nauðsynlegt sé að bregðast við stöðunni með því að styrkja réttarstöðu leigjenda, þannig að þeir geti ekki átt von á því að lenda á götunni með skömmum fyrirvara. Hundruð leigjenda hafa leitað til Neytendasamtakanna vegna ýmissa vandamála sem komið hafa upp hjá leigjendum, en flest þeirra snúa að óvissu sem leigjendur búa við ef leigusali vill segja upp samningi eða endurnýja samninginn með öðru og hærra verði en áður. Þessu vilja Neytendasamtökin breyta með skýrari reglum um hvernig eigi að bregðast við ef til deilna kemur. Nauðsynlegt sé að gera eitthvað því eins og staðan sé núna megi líkja henni við „villta vestrið“, eins og einn viðmælandi Kjarnans komst að orði.

Þróun meðalverðs á íbúðamarkaði

Leiguverð hefur hækkað hratt undanfarin misseri og hvergi meira en miðsvæðis í Reykjavík, enda framboðið þar takmarkað og eftirspurnin mikil. Margt bendir til þess að ungt fólk vilji frekar nú en fyrir nokkrum árum, búa miðsvæðis frekar en í úthverfunum. Skoðanakannanir sem gerðar hafa verið gefa sterkar vísbendingar um það.

- Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar og Seltjarnarnes
- Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar
- Meðalverð stúdíóíbúða
- - - Meðalverð 3ja herbergja íbúða



Þetta snýst um peninga

Þegar fólk er að finna sér heimili til leigu eða kaups horfir það til greiðslubyrði af fasteignaláni og síðan greiðslubyrði vegna leigu. Sé dæmi tekið af þriggja herbergja 90 fermetra íbúð sést vel hversu hátt leiguverð er í samanburði við greiðslubyrði lána. Leiga á slíkri íbúð gæti numið allt að 180 þúsund krónum á mánuði en greiðslubyrði af lánnum vegna slíkra kaupa, sé miðað við að íbúðin kosti 25 milljónir, er mun lægri, eða í kringum 110 þúsund, sé miðað við verðtryggt lán til 25 ára. Óverðtryggt lán á föstum vöxtum til þriggja ára, eins og algengt er að fólk taki nú, ber ívið þyngri greiðslubyrði, um 135 þúsund krónur á mánuði. Það er þó langt frá leiguverðinu. Af þessum sökum getur verið um erfitt val að ræða fyrir marga sem ráða illa við greiðslubyrðina vegna leigu og geta ekki lagt fram það reiðufé sem þarf til þegar lán er tekið í banka. Viðmælendur Kjarnans innan bankanna sögðu mun fleiri en áður fá styrk eða gjöf frá aðstendendum vegna kaupa á íbúð, enda erfitt að verða sér úti um nægilega mikið fjármagn. Ekki var þó hægt að fá nákvæmar upplýsingar um hvernig þessi mál hafa þróast.

Þegar hafa myndast afar erfiðar aðstæður á fasteignamarkaði sem geta leitt til þess að þúsundir Íslendingar verða í erfiðleikum með að koma sér upp húsnæði á næstu misserum. Það sem gerir vandann enn meiri er að það er erfitt að bregðast skjótt við honum, þar sem það tekur tíma að byggja upp íbúðir og taka endanlegar ákvarðanir um hvar þær eiga að vera.

Meðalbyggingatími er 18–24 mánuðir fyrir þær tegundir íbúða sem þarf helst að byggja upp, það er litlar og meðalstórar, til þess að mæta vaxandi eftirspurn. Þrátt fyrir að uppbygging sé í gangi eins og að framan er rakið dugar hún skammt. Stjórnvöld hafa boðað endurskoðun á nálgun sinni að fasteignamarkaði með það fyrir augum að auðvelda ungu fólki að koma sér upp húsnæði. Ekkert er þó fast í hendi hvað þetta varðar enn. Eygló Harðardóttir velferðarráðherra hefur þó gefið sterklega í skyn að miklar breytingar gætu litið dagsins ljós hvað þessi mál varðar innan skamms tíma.



Áhyggjur yfirvalda, bæði í landsmálunum og á sveitarstjórnarstiginu, af stöðu mála á fasteignamarkaði hafa farið vaxandi undanfarin misseri. Enda blasa við erfiðleikar hjá þúsundum Íslendinga, vegna skorts á litlum og meðalstórum íbúðum.


Hjá Félagsstofnun stúdenta (FS) eru 1.080 manns á biðlista eftir húsnæði og hefur hann aldrei verið lengri. Samt er nýbúið að taka í notkun 166 nýjar íbúðir og í desember munu bætast við 133 til viðbótar. Heildarfjöldi íbúða sem FS hefur umsjón með verður þá um 1.110 íbúðir, en að mati þeirra sem eru í forsvari fyrir Stúdentaráð og FS er brýn nauðsyn að bæta við íbúðum sem allra fyrst til þess að mæta þörfinni fyrir íbúðir sem hefur aukist jafnt og þétt undanfarin misseri.




Síminn, Spotify og þú

Spotify Premium áskrift fylgir öllum Snjallpökkum Símans gegn 6 mánaða samningi

Hlustaðu á tónlistina þína, hvar og hvenær sem er. Þú finnur upphaldslögin þín á Spotify.

Smelltu hér til að kynna þér málið betur. 



A black and white photograph capturing a moment of intense emotion and camaraderie among Icelandic football players. The players are huddled together, embracing each other. The focus is on a player in the foreground, whose face is partially visible as he looks down. The background is blurred, showing other players and the stadium lights. The overall mood is one of triumph and unity.

ÍSLENSKI SÓKNARHERINN

Islendingar eru þjóð sem finnst viðeigandi að storka stærðarlögmálunum. Um tíma ætluðum við að verða miðstöð fjármála í heiminum og töldum unga menn í dýrum jakkafötum hafa fundið upp leiðir til að stunda viðskipti með arðbærari hætti en nokkurri annarri þjóð hafði tekist. Þegar sú skýjaborg var leyst upp ansi snögglega fyrir tæpum fimm árum, og í ljós kom að hæfileikar mannanna lágu fyrst og síðast í því að telja banka á að lána sér háar fjárhæðir og að kaupa fyrirtæki á allt of háu verði, voru vonbrigði þjóðarinnar gríðarleg. Og þau eru enn viðvarandi.

Það þýðir samt ekki að við ætlum að hætta að kýla upp fyrir okkur. Íslendingar eiga enda heimsmet í raforkuframleiðslu, lesa flestar bækur og gefa mest allra til UNICEF, miðað við höfðatölu.

Hins vegar má segja að metnaðarfyllsta storkun þessarar 323 þúsund manna þjóðar sé sú að ætla sér að eiga eitt besta landsliðið í vinsælustu íþrótt heims, knattspyrnu. Og það meira að segja ekki miðað við höfðatölu. Á þriðjudag sigraði Ísland nefnilega Albaníu og kom sér í dauðafæri að komast á heimsmeistaramót í knattspyrnu. Sá draumur er nú algjörlega í höndum liðsins.

Harða liðið hans Guðjóns

Íslendingar hafa í raun einungis einu sinni áður átt möguleika á að ná inn í lokakeppni. Það var í aðdraganda Evrópumótsins 2000 þegar hinn granítharði Guðjón Þórðarson þjálfaði liðið. Ísland lenti í mjög erfiðum riðli með heimsmeisturum Frakka, Rússum og Úkraínumönnum. Frammistaða íslenska landsliðsins vakti heimsathygli. Fyrst náði liðið jafntefli við Frakka á heimavelli eftir að Ríkharður Daðason hafði komið því yfir með stórkostlegu skallamarki fyrir framan troðfullan Laugardalsvöll.

Liðið spilaði síðan stórkostlegan útileik á móti heimsmeisturum þegar það náði að jafna leikinn í 2-2 eftir að hafa lent tveimur mörkum undir. Leikurinn tapaðist á endanum 3-2. Ísland náði samt sem áður fimmtán stigum úr tíu



Smelltu til að horfa á mark Ríkharðs Daðasonar gegn Frökkum 1998



Frammistaða Íslands í undankeppnum stórmóta

UNDANKEPPNI EM 2000

1,2 mörk að meðaltali. Stig að meðaltali í leik 1,5.

UNDANKEPPNI HM 2002

1,4 mörk. 1,3 stig.

UNDANKEPPNI EM 2004

1,38 mörk. 1,63 stig.

UNDANKEPPNI HM 2006

1,4 mörk. 0,4 stig. (4 á móti Möltu.)

UNDANKEPPNI EM 2008

0,83 mörk. 0,67 stig.

UNDANKEPPNI HM 2010

0,88 mörk. 0,63 stig.

UNDANKEPPNI EM 2012

0,75 mörk. 0,5 stig.

UNDAKEPPNI HM 2014

1,75 mörk. 1,63 stig.*

*MEÐALTAL Í ÞEIM ÁTTA LEIKJUM SEM BÚNIR ERU. ENN ERU TVEIR LEIKIR EFTIR.



Smelltu til að horfa á viðtal Ingólfs Hannessonar við Guðjón Þórðarson

leikjum, skoraði tólf mörk og fékk einungis sjö mörk á sig, þar af fjögur gegn Frökkum.

Það fór þó ekkert á milli mála, og var í raun ekkert launungarmál, að aðaláherslan á þessum árum var á varnarleik. Í byrjunarliði Íslands voru alltaf fimm varnarmenn og einn mjög varnarþenkjandi miðjumaður. Oft var gantast með það að eini leikmaðurinn í liðinu sem gæti haldið bolta væri Rúnar Kristinsson. Hinir hreinsuðu bara.

Það er lýsandi fyrir leikskipulag Íslendinga á þeim tíma að í ótrúlega eftirminnilegu, og nánast óviðeigandi, viðtali Ingólfs Hannessonar við Guðjón Þórðarson eftir fyrri Frakkaleikinn spurði íþróttafréttamaðurinn þjálfarann eftirfarandi spurningar: „Þessi varnarleikur allan tímanna, allir á tánum í 90 mínútur [...] hvernig er hægt að fá menn til þess að gera þetta?“

Í dauðafæri gegn Þjóðverjum

Guðjón hætti með landsliðið eftir síðari Frakklandsleikinn og tók við liði Stoke þegar íslenskir fjárfestar ákváðu að kaupa það sögufræga félag. Við tók Atli Eðvaldsson og fékk hann að stýra liðinu í gegnum eina heila undankeppni, fyrir heimsmeistaramótið 2002. Ísland þótti hafa lent í mun léttari riðli (var meðal annars með Norður-Írlandi og Möltu í riðli) og það var talið merki um afturför þegar liðinu tókst aðeins fá 13 stig. Auk þess hafði varnarleiknum, sem var aðalsmerki Íslands fram að þeim tíma, farið mikið aftur. Liðið fékk á sig tuttugu mörk í leikjunum tíu en náði að skora 14. Helmingur markanna kom gegn Möltu og tæpur helmingur stiganna líka. Í lokaleik undankeppninnar var íslenska liðið niðurlægt af fyrrverandi nýlenduherrum okkar, Dönum. Þolinmæði almennings gagnvart þjálfaranum var orðin ansi tæp eftir þau úrslit.

Atli byrjaði næstu undankeppni en var rekinn eftir þrjá leiki og þeir Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson tóku við. Í undankeppninni fyrir Evrópumótið 2004 fékk liðið þrettán stig og skoraði ellefu mörk en fékk einungis níu á sig. Í henni vann liðið bæði Færeyjar og Litháen tvívegis og náði fræknu

0-0 jafntefli við Þjóðverja á Laugardalsvellinginum í næstsíðasta leiknum. Miðað við að um fimm liða riðil var að ræða var árangurinn frábær. Fyrir lokaleikinn gegn Þjóðverjum áttu Íslendingar möguleika á því að vinna riðilinn ef Skotar töpuðu fyrir Litháen og Íslandi tækist að vinna Þjóðverja í Þýskalandi. Svo varð ekki og Þjóðverjar unnu 3-0.

Eyðimerkurgangan hefst

Íslendingar voru því farnir að gera kröfur gagnvart landsliðinu. Það stóð svo sannarlega ekki undir þeim í næstu undankeppni, sem var fyrir heimsmeistaramótið 2006. Árangurinn var vægast sagt afleitur. Liðið vann einungis einn leik af tíu, gegn Möltu heima, og endaði með fjögur stig í næstneðsta sæti riðilsins. Eftir þetta var skipt um mann í brúnni og Eyjólfur Sverrisson tók við.

Í undankeppni Evrópumótsins 2008 þóttu möguleikar Íslands betri en oft áður. Að vísu voru Spánverjar í riðli með okkur en hin sterku liðin í honum voru nágrannar okkar frá Svíþjóð og Danmörku. Ísland byrjaði keppnina vel og jarðaði Norður-Írland 0-3 á útivelli. Eftir það fór að síga á ógæfuhliðina og niðurlægingin náði líklega hámarki með nánast kómískri 5-0 hýðingu gegn Svíþjóð þar sem Ísland fékk á sig eitt vandræðalegasta mark sem þjóðin hefur nokkru sinni fengið á sig. Rúmlega 4,5 milljónir manns hafa horft á markið, sem sjá má hér til hliðar, á Youtube.

Andlitinu var lítillega bjargað þegar Ísland náði að gera 1-1 jafntefli við Spán en niðurstaðan varð samt sem áður næstneðsta sæti riðilsins. Ísland fékk einungis átta stig, skoraði tíu mörk og fékk 27 mörk á sig. Það gerðu 0,83 skorðu mörk skorðu að meðaltali í leik og heil 2,25 fengin á sig. Eyjólfur, sem hafði legið undir fordæmalausri gagnrýni frá íslensku pressunni vegna frammistöðu landsliðsins, var látinn taka pokann sinn fyrir næstu undankeppni.


Nýja kynslóðin fer að láta að sér kræla

Ólafur Jóhannesson, sem hafði byggt upp stórveldi FH í Hafnarfirði á upphafsárum nýrrar aldar, fékk tækifæri



Smelltu til að sjá á fimmta mark Svía gegn Íslendingum sumarið 2007

Lið Íslands gegn Albaníu 10. september 2013



Jóhann Berg
Guðmundsson

Kolbeinn Sigþórsson

Ari Freyr Skúlason

Birkir Bjarnason

Eiður Smári Guðjohnsen Ragnar Sigurðsson

Birkir Már Sævarsson

Gylfi Sigurðsson

Kári Árnason

Hannes Þór
Halldórsson

Aron Einar Gunnarsson

LIÐ ÍSLANDS GEGN
ALBANÍU
10. SEPTEMBER 2013

Birkir Már
Sævarsson



Kári
Árnason



Hannes Þór
Halldórsson



Ragnar
Sigurðsson



Ari Freyr
Skúlason



Jóhann Berg
Guðmundsson



Aron Einar
Gunnarsson



Gylfi Þór
Sigurðsson



Birkir
Bjarnason



Kolbeinn
Sigbórsson



Eiður Smári
Guðjohnsen



Ríkardur
Daðason



Arnar
Gunnlaugsson



Rúnar
Kristinsson



Þórður
Guðjónsson



Helgi
Kolviðsson



Auðunn
Helgason



Lárus Orri
Sigurðsson



Eyjólfur
Sverrisson



Pétur
Marteinsson



Hermann
Hreiðarsson



Birkir
Kristinsson



LIÐ ÍSLANDS GEGN
FRAKKLANDI
5. SEPTEMBER 1998



Smelltu til að sjá mark Kristjáns Arnar Sigurðssonar gegn Hollandi sumarið 2009 (markið kemur eftir um 59 sekúndur)

sem landsliðsainvaldur þegar Eyjólfur var rekinn í október 2007. Undankeppni heimsmeistaramótsins 2010 fór hins vegar ekki vel. Ísland lenti í neðsta sæti níunda undanriðils, sem Hollendingar rúlluðu upp. Þeir unnu alla leiki sína, skorðu sautján mörk og fengu einungis tvö á sig (Kristján Örn Sigurðsson skoraði annað þeirra). Íslendingar fengu einungis fimm stig. Eini sigur liðsins kom í heimaleik á móti Makedóníu. Liðið náði að skora sjö mörk en fékk þrettán á sig.

Í undankeppni Evrópumeistaramótsins 2012 lenti Ísland í mjög sterkum riðli með Portúgal, Danmörku, Noregi og Kýpur. Árangur liðsins var slakur, einungis einn sigur og eitt jafntefli. Það gaf fjögur stig. Markatalan var líka döpur. Íslendingum tókst einungis að skora sex mörk en fengu fjórtán á sig. Í þessari undankeppni gerðist þó ýmislegt jákvætt. Ungir leikmenn stigu sín fyrstu skref sem lykilmenn með landsliðinu. Gylfi Sigurðsson, Aron Einar Gunnarsson, Rúrik Gíslason, Jóhann Berg Guðmundsson, Kolbeinn Sigþórsson, Alfreð Finnbogason, Birkir Bjarnason, Hannes Þór Halldórsson og Eggert Gunnþór Jónsson stigu allir inn í liðið og fengu mikilvæga reynslu. Eftir að Ólafur var látinn fara og Lars Lagerbäck var ráðinn í starf landsliðsainvalds var byggt á þessum grunni stórkostlegra leikmanna.

Endurreisnin

Í yfirstandandi undankeppni hefur íslenska liðið blómstrað. Ungir leikmenn, sem eru mun betur spilandi en áður hefur sést hjá íslenskum leikmönnum, hafa vaðið í gegnum keppnina alls óhræddir. Ísland hefur spilað átta leiki, unnið fjóra, gert eitt jafntefli og tapað þremur. Alls hefur liðið fengið þrettán stig, tveimur færri en liðið hans Guðjóns Þórðarsonar náði fyrir fjórtán árum. Ísland á hins vegar tvo leiki eftir, gegn Kýpur heima og Norðmönnum úti í næsta mánuði.

Íslenska liðið hefur líka skorað fjórtán mörk í átta leikjum, sem gera 1,75 mörk að meðaltali í leik. Það er langhæsta meðaltal sem Ísland hefur nokkru sinni náð. Auk þess hefur ekkert íslenskt lið nokkru sinni haldið



Smelltu til að horfa Sigurmark
Jóhanns Berg Guðmundssonar
gegn Sviss

bolta jafn vel og það sem nú spilar né skapað sér jafnmikið af færum.

Gæði íslenska liðsins í dag eru fyrst og síðast fram á við. Í leiknum gegn Albaníu á þriðjudag voru fimm afar sóknarþenkjandi leikmenn í byrjunarliðinu. Fyrir utan goðsögnina og kempuna Eið Smára Guðjónsen, sem lék á sínum tíma með liðum á borð við Chelsea og Barcelona, leika þessir sóknarmenn með Tottenham, Sampdoria, Ajax og AZ Alkmaar. Djúpi miðjumaðurinn í liðinu leikur með Cardiff í ensku úrvalsdeildinni.

Vörnin er samansett af þremur leikmönnum sem leika í þrýðilegum deildum á Norðurlöndunum og Kára Árnasyni, sem leikur í C-deildinni á Englandi. Eini leikmaðurinn sem spilar á Íslandi er markmaðurinn Hannes Þór Halldórsson.

Styrkleikar bakvarðanna Birkis Más og Ara Freys eru ekki síst sóknarlegir. Þeir voru um tíma eins og rennilásar upp sitthvorn kantinn í leiknum gegn Albaníu. Birkir lagði enda upp bæði mörk liðsins. Hvorugur þeirra er bakvörður að upplagi.

Íslenski sóknarherinn stefnir því hraðbyri að því að gera dálítið ótrúlegt. Þjóð með færri en milljón íbúa hefur aldrei komist á lokamót heimsmeistarakeppninnar. Það yrði magnað afrek ef lið frá eyju sem á býr þriðjungur af þeim fjölda tækist það.

Systems group has developed a
high-impact collaborative research

are:
“swing for the fences”)
collaboration (space, IP, events, ...)
institutions, industry, government, press

- The Berkeley EECS systems model for high-risk, high-impact research
- The key components are:
 - ambitious goals (“swing for the fences”)
 - organization for collaboration
 - engagement – applications

-amplab

Gagnasöfn krufin til mergjar

Dr. Michael J. Franklin er meðal heimsins fróðustu manna um gögn. Hann stýrir rannsóknarteymi við tölvunarfræðideild Berkeley-háskólans í Bandaríkjunum, þar sem vísindamenn uppgötva nýjar leiðir til að skyggjast inn í óheyrilega stór gagnasöfn. Franklin hélt fyrirlestur við opnun CRESS-rannsóknarsetursins (Center for Research on Engineering Software Systems) við Háskólann í Reykjavík á dögum, og Kjarninn spjallaði við hann um gagnagímöld, Berkeley-samvinnulíkanið og hvernig tækni getur haft áhrif á hegðun okkar.

Brjóta veggj með Berkeley-líkaninu

Í fyrirlestri sínum lýsti Franklin því hvernig rannsóknarstofa hans við Berkeley-háskólann hefur hannað og útfært ákveðna aðferð til að styðja við samvinnu skóla og atvinnulífs; hið svokallaða Berkeley-samvinnulíkan. „Í grunninn erum við að tengja saman atvinnulífið og menntastofnanir með því að brjóta niður eins marga veggj og við getum,“ segir hann. „Við fáum til okkar fólk úr margvíslegum greinum – fólk sem hefur kannski ekki unnið mikið með tölvunarfræðingum áður – og tvínum þannig saman ólíka reynslu og þekkingu til að skilja gögn á dýpri hátt en tölvunarfræðingar geta gert einir.“ Berkeley-líkanið snýst líka um að brjóta niður veggj í bókstaflegri merkingu, því að prófessorar og aðrir kennarar sem taka fullan þátt í verkefninu þurfa að gefa skrifstofur sínar upp á bátinn. „Í rannsóknarstofunni sitja ekki bara nemendur, heldur einnig starfsfólkið. Það eitt að sitja í sama herbergi getur ýtt mikið undir samvinnu, sérstaklega ef fólk kemur úr mismunandi áttum eða hefur mismunandi sérfræðiþekkingu.“

Annar þáttur sem Franklin telur mikilvægan til að tengja saman rannsóknir og atvinnulíf er opinn og frjáls hugbúnaður (e. open source), þar sem kóðinn að baki hugbúnaðinum er aðgengilegur öllum. Vinsæl dæmi um opinn og frjálsan hugbúnað eru vafrinn Firefox, myndspilarinn VLC og vefumsjónarkerfið WordPress. „Við leggjum sérstaka áherslu á að hugbúnaðurinn sem við smíðum á

rannsóknarstofunni sé gefinn opinn og frjáls svo að aðrir geti skoðað hann og betrubætt,“ segir Franklin og nefnir dæmi um gagnagreiningarforrit sem tugir einstaklinga og fyrirtækja utan rannsóknarsamfélagsins hafa tekið þátt í að breyta og bæta. „Opinn og frjáls hugbúnaður er áhrifarík leið til að tengja skólasamfélagið við umheiminn, því hann er án landamæra. Ef þú smíðar gagnlegan hugbúnað og gefur hann opinn og frjálsan mun fólk finna hann, nota hann og hjálpa þér að gera hann betri.“

Reiknirit, vélar og fólk

Sú sprenging sem hefur orðið í upplýsingamagni undanfarin ár felst ekki eingöngu í því hversu óheyrilega mikið af gögnum er til nú, heldur einnig í því hversu stór hluti af þeim er á svokölluðu óskipulögðu formi, svo sem ljósmyndir og myndbönd. Stærsti vandinn við þessa tegund af gögnum er að tölvur eiga mjög erfitt með að greina þau á meðan manneskjur gera það auðveldlega. Til dæmis getur barn þekkt andlit á ljósmynd hraðar og með meiri vissu en mörg háþrúð reiknirit.

AMP-rannsóknarstofa Franklins – sem stendur fyrir Algorithms, Machines and People og gæti því útlagst sem rannsóknarstofa reiknirita, véla og fólks – hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. „Við leggjum mikla áherslu á að hafa fólk með í ráðum á öllum stigum gagnagreiningarinnar, enda er félagsfræðiþátturinn að verða æ mikilvægari í þessum geira. Fólkinu fylgja samt áhugaverð vandamál sem eiga sjaldnast við um tölvur,“ segir hann. „Til dæmis þarf fólk nægilega hvatningu til að sinna verkefnum, og það getur túlkað spurningar á mismunandi hátt eftir því hvernig þær eru orðaðar,“ segir hann. „Þetta getur verið vandasamt þegar maður hefur vanist því að vinna með tölvur. En ég held að fólk verði alltaf hluti af ferlinu.“

Í framhaldi af umræðunni um aðkomu fólks að túlkun á gögnum spurði ég Franklin hvort áhrifin færu líka í hina áttina; hvort nýjar leiðir til að greina gögn gætu breytt hegðun fólks. „Já, ég held það. Áður fyrr höfðum við til dæmis



Smelltu til að
horfa kynningu á
rannsóknarstofu
Franklins

áhyggjur af því að muna ýmislegt sem við látum tölvur um að muna í dag. Þannig notum við heilann öðruvísi, því við getum nýtt orkuna sem fór í að muna hluti í eitthvað annað.“

Sem dæmi um gögn sem breyta hegðunarmynstri fólks nefnir Franklin vera snjallsímaappið Carat, sem var búið til á AMP-rannsóknarstofunni. Í stuttu máli fylgisti appið með rafhlöðunotkun í síma notandans, ber saman við gögn frá öðrum símum og ráðleggur notandanum hvernig helst sé hægt að spara rafhlöðuna. „Þessar upplýsingar er ómögulegt að finna með því að skoða einn síma. Við þurfum að safna saman gögnum frá mörgum notendum og mörgum símum til að öðlast dýpra innsæi í rafhlöðunotkunina,“ segir hann. „Rafhlöðuapp hljómar kannski eins og léttvægt dæmi en þegar hvirfilbylurinn Sandy reið yfir austurströnd Bandaríkjanna voru farsímar eina samskiptaleiðin fyrir marga og rafhlöðuendingin fór að skipta miklu máli fyrir fólk. Í mínum augum er það gott dæmi um áhrifin sem tækni getur haft á fólk.“



Smelltu til að lesa
fréttir af Carat-
appinu

Næg tækifæri á Íslandi

Að lokum spurði ég Franklin hvernig hann vildi ráðleggja Íslendingum í ljósi þeirrar tækni- og gagnaþróunar sem á sér stað í heiminum í dag. „Tækifærin eru næg fyrir Ísland. Hér eru mörg hátæknifyrirtæki sem mynda eins konar upplýsinga-hagkerfi, og þau geta vaxið langt umfram upprunalega markaðssvæðið,“ segir hann. „Ef við horfum til lengri tíma tel ég að menntun sé einn mikilvægasti þátturinn í þessari þróun, og Ísland ætti að leggja sérstaka áherslu á að tækni-mennta fólk. Það gagnast fyrirtækjum, hagkerfinu og öllu samfélaginu.“

Sem dæmi um beinar aðgerðir sem ríkisstjórnir geti ráðist í til að styðja við gagnageirann nefnir Franklin „[Big Data](#)“ [verkefnið](#) sem Bandaríkjastjórn setti á laggirnar í fyrra. Því fylgdu fjárveitingar að nafnvirði yfir 200 milljónir dollara til verkefna í rannsóknum og greiningu á stórum gagnasöfnum. „Beinar fjárveitingar eins og þessar hjálpa auðvitað mikið en stuðningur við samvinnu skóla og atvinnulífs getur líka haft mikil áhrif.“





Lokað á Slim í Evrópu

VIÐSKIPTI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Einn ríkasti maður heims, Mexíkóinn Carlos Slim Helu, hefur unnið að því undanfarin tvö ár að stækka fjarskiptaveldi sitt og hefur fyrst og síðast horft til Evrópu í þeim efnum. Fyrr í vikunni kom KPN Foundation í Hollandi í veg fyrir að América Móvil, félag Slim, eignaðist 70 prósentu eignarhlut í hollenska fjarskiptaríðinu KPN. KPN Foundation er sjálfstæður sjóður sem fer með eignarhlut í KPN og getur samkvæmt samþykktum komið í veg fyrir fjandsamlega yfirtöku á félaginu.

Miklir peningar

Tilboðið hljóðaði upp á 7,2 milljarða evra, eða sem nemur 1.300 milljörðum króna. América Móvil á um 30 prósentu

hlut í fyrirtækinu og vildi eignast allt. Samkvæmt umfjöllun fagtímaritsins Forbes er Slim afar ósáttur við þetta og ætlar sér að halda áfram að reyna að koma fyrirtæki sínu betur inn á Evrópumarkað. Hann segist þó tilbúinn að vinna áfram að viðskiptunum í samvinnu við KPN ef áhugi sé á því. „Við þurfum að íhuga vandlega hvort við getum haldið áfram að vera hluthafar í félaginu. Við vildum eignast það að fullu og halda áfram að gera það sem við gerum best og núna þurfum við að hugsa vel næstu skref,“ sagði Arturo Elias, talsmaður América Móvil, en hann er jafnframt tengdasonur Carlos Slim.

Einn valdamesti maður heims

Slim er í efsta sæti á lista Forbes yfir ríkasta fólk heims, en heildareignir hans umfram skuldir eru metnar á 73 milljarða dala, sem nemur 8.760 milljörðum króna miðað við núverandi gengi. Það er upphæð sem nemur meira en fimmfaldri árlegri landsframleiðslu Íslands. Því er óhætt að tala um að Slim sé með fulla vasa fjár þegar hann freistar þess að stækka veldi sitt utan Rómönsku Ameríku. Allar eignir hans eru bundnar í félögum á því svæði og því þykir það sæta miklum tíðindum að hann skuli fara út í fjárfestingar í Evrópu. Greinendur sem bandaríska dagblaðið Wall Street Journal vitnar til segja Slim hafa fyrst og fremst viljað koma höggi á Telefónica, spænskan keppinaut América Móvil. Í bígerð var að selja E-Plus, þýskt dótturfélag KPN, til Telefónica og með því hefði spænska félagið fengið byr undir báða vængi. Þau kaup hefðu gert Telefónica mögulegt að efla starfsemi sína enn frekar, meðal annars í Rómönsku Ameríku þar sem það hefur verið að sækja í sig veðrið, á kostnað markaðshlutdeildar América Móvil.

Efuðust um heilindi Slim

KPN Foundation á fyrst og fremst að gæta hagsmuna starfsmanna KPN og rökstuddi það ákvörðun sína um að koma í veg fyrir kaup Slim á öllu hlutafé KPN með því að América Móvil hefði ekki skýrt nægilega vel hvað væri undir í þessum



Ríkidæmi
América Móvil er
með glæsilegar
höfuðstöðvar í
Mexíkóborg.

MYND/AFP

viðskiptum. Með öðrum orðum efaðist stjórn sjálfseignar-sjóðsins um heilindi Slim og féлага og vildi fá frekari upp-lýsingar um málið. Eitt af því sem starfsmenn KPN óttuðust var að América Móvil myndi færa höfuðstöðvar KPN frá Haag í Hollandi, fækka starfsmönnum stórkostlega og breyta rekstrinum þannig að störf myndu tapast. Í tilkynningu frá América Móvil hinn 26. ágúst síðastliðinn er því hafnað að fyrirtækið ætli sér að draga úr starfsemi KPN. Þvert á móti vilji það efla starfsemina en reyna samt sem áður að draga úr rekstrarkostnaði til lengri tíma litið. Því eigi öll fyrirtæki að stefna að.

Þjóðarhagsmunir

Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir Hollendinga í málinu, en KPN er með 45 prósentu markaðshlutdeild á farsímamarkaði í Hollandi og auk þess umsvifamikili á mörkuðum víðar í Evrópu í gegnum dótturfélög. Ekki síst vegna þessara miklu umsvifa hefur aðkoma Slim að félaginu valdið titringi víða og málefni félagsins meðal annars verið rædd innan hol-lensku ríkisstjórnarinnar, að því er segir í umfjöllun Wall Street Journal. Þrátt fyrir mikla andstöðu er Slim ekki af baki dottinn. Hann er þekktur fyrir að vera harður í horn að taka og fá sínu fram, hvað sem það kostar.




ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR

- GÓÐUR Á BRAUD -



GALLERÍ





Nýr forsætisráðherra Ástralíu

Bandalag frjálslyndra og íhaldsmanna var ótvíræður sigurvegari í þingkosningunum í Ástralíu sem fóru fram um síðustu helgi. Tony Abbott, sem er leiðtogi Frjálslyndra, verður því næsti forsætisráðherra landsins. Abbott þykir ekki hafa tekist að heilla kjósendur neitt sérstaklega heldur hafi vanþóknun þeirra á fráfarandi ríkisstjórn Verkamannaflokkins haft meira að segja um niðurstöðuna.



Mótmæla breytingum á lífeyrskerfi

Áform eru uppi um að breyta lífeyrskerfi Frakka, en það er talið langt frá því að standa undir sér. Á þriðjudag, 10. september, fóru fram mótmæli gegn þeim breytingum á alls 180 stöðum víðs vegar um landið. Mótmælin voru boðuð af verkalýðsfélögum en stúdentar og ýmis vinstrisinnuð samtök tóku einnig þátt í þeim. Hóparnir halda því fram að breytingarnar refsí verkamönnum og að ungu fólki verði gert að greiða ósanngjarnan hluta af þeirri fjárhagslegu byrði sem lífeyrskerfið er.

MYND/AFP



Ræða lausn á Sýrlandsvandanum

Belgíski sósíalístitinn Saod El Khadraoui, sem situr á Evrópuþinginu, var hálf einmanalegur á meðan umræður um pólitíska lausn á Sýrlandsvandanum fóru fram í þinginu á miðvikudag.

MYND/AFP



Mótmæltu dauða mótmælanda

Mótmælandi leitar skjóls á bak við vegg eftir að mótmælendum og lögreglu laust saman í Istanbul á þriðjudag. Lögreglan skaut gúmmíkúlum og beitti táragasi á þúsundir manns sem höfðu safnast saman til að mótmæla dauða 22 ára gamals manns daginn áður í mótmælum í borginni Antakya.

MYND/AFP



Vottaði virðingu sína

Barack Obama Bandaríkjaforseti vottaði fórnarlömbum hryðjuverkaárásanna sem áttu sér stað 11. september 2001 virðingu sína með því að leggja blómsveig á Pentagon-minnismerkið í gær, miðvikudag. Þá voru liðin tólf ár frá því að árásirnar áttu sér stað.

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Svala Heiðberg

Hjálpar ósýnilegu konunum á Istedgade



VIÐTAL

Ægir Þór Eysteinsson
aegir@kjarninn.is

Maður finnur að það örlar ekki enn á haustinu í Danmörku þegar stigið er út af aðal-lestarstöðinni í Kaupmannahöfn síðla dags á þriðjudegi, að minnsta kosti að mati Ís-lendingansins. Sólin skín og enn er hlýtt í lofti, þótt margur Daninn sé eflaust farinn að fjölga flikunum.

Ég tek stefnuna á Istedgade, sem liggur upp að lestarstöðinni, en þessi alræmda gata Kaupmannahafnar hefur einkum verið þekkt í gegnum tíðina fyrir fíkniefnaneytendur, dópsala, klámbúðir og vændiskonur sem venja komur sínar þangað.

Ég á stefnumót við Svölu Heiðberg, liðlega fertuga konu sem fluttist ásamt eiginmanni sínum og tveimur dætrum til Kaupmannahafnar árið 2007 þegar þau hjónin ákváðu að fara í framhaldsnám á erlendri grundu. Þriðja barnið, drengur, kom svo í heiminn ári síðar. Svala gerði hlé á námi sínu eftir eitt ár og fór þá að vinna sem afleysingakennari, en hún er menntaður mannfræðingur með kennsluréttindi.

„Ég bý á Vesterbro og sá vændiskonur frá Afríku hérna daglega við Istedgade. Mér fannst áhugavert að fjalla um stöðu þeirra og bakgrunn í mastersritgerðinni minni í mannfræði. Þær eru hérna í stórum hópum á kvöldin og næturna í vændi og langflestar þeirra eru fórnarlömb mansals,“ segir Svala.

Áhugi Svölu á aðstæðum erlendra vændiskvenna í Kaupmannahöfn varð til þess að hún ákvað að sækja um auglýst starf hjá Reden International á síðasta ári. Reden, eða Hreiðrið, eru dönsk félagasamtök sem aðstoða konur sem lent hafa á götunni, margar hverjar vegna vændis og mansals. Samtökin eru fjármögnuð að hluta af danska ríkinu en tilvist þeirra er að miklu leyti kominn upp á náð og miskunn góðgerðarsamtaka og styrktarsjóða, sem hafa góðfúslega haldið lífi í samtökunum í gegnum tíðina. Systur-samtökin Reden International voru stofnuð árið 2002 til að aðstoða erlendar konur á glapstigum í Kaupmannahöfn sem hafði fram að því verið lítið sem ekkert sinnt.

„Ég sá fyrir rælni auglýst eftir kennara í kvennaathvarf

Reden International í febrúar í fyrra og ákvað að sækja um. Það eru litlir peningar til hjá samtökunum og erfitt að komast inn en ég fékk starfið,“ segir Svala.

Ólæsar og óttaslegnar

„Ég byrjaði að kenna útlensku konunum í kvennaathvarfi Reden International strax mánuðinn á eftir. Það var mjög strembið, en stór hluti kvennanna sem enda í athvarfinu er ólæs. Konurnar koma langflestar úr örbirgð og hafa aldrei farið í skóla, en þær eru flestar á aldrinum 22 ára til rúmlega fertugs.“

Í kvennaathvarfi Reden International enda konur sem hafa verið handteknar fyrir vændi í Kaupmannahöfn. Vændi er að vísu löglegt í Danmörku en til þess að stunda það þarf dvalar- og atvinnuleyfi, sem þessar konur hafa ekki. Í athvarfinu er fórnarlömbum mansals veitt húsaskjól og kennsla í allt að þrjá mánuði, en yfirgnæfandi meirihluti þeirra er frá Nígíeríu. „Við bjóðum upp á enskukennslu og grundvallaratriði í fyrirtækjarekstri, því þeim stendur öllum til boða farmiði heim og lítilræði af peningum svo þær geti komið á fót litlu fyrirtæki í heimalandinu,“ segir Svala.

„Þær eru rosalega fáar sem taka þessu tilboði. Á þessu ári hefur einungis ein kona gert það, af hátt í sjöttu konum sem dvalið hafa í kvennaathvarfi Reden International það sem af er ári. Hinar konurnar sem ekki þáðu tilboðið fara úr athvarfinu og hverfa.“ Svala segir að konunum sé ekki vísað úr landi, þar sem þær hafi margar hverjar tímabundið landvistarleyfi fyrir ferðamenn og aðrar hafi fengið landvistarleyfi á Spáni eða Ítalíu, við komuna til Evrópu frá Afríku.

Svala segir konunum liggja á að komast út á götuna aftur. „Þessar konur frá Nígíeríu, sem eru fórnarlömb mansals, eru langoftast í skuld við einhverja melludólga. Glæpamenn sem plötuðu þær til að yfirgefa heimalandið með innantómum loforðum um betra líf í Evrópu. Þegar þangað var komið beið þeirra síðan hrörleg íbúð full af öðrum konum og þær voru þvingaðar í vændi. Þessir menn beita konurnar ofbeldi





Smelltu til að fræðast
frekar um Reden

og hóta að myrða fjölskyldur þeirra í heimalandinu greiði þær ekki skuld sína við þá. Skuld sem í raun varð til upp úr engu. Þessir menn hafa enga þolinmæði til að bíða eftir að konurnar safni kröftum í einhverju athvarfi,” segir Svala.

„Til að mynda var hér um daginn 27 ára gömul kona frá Nígeríu, sem lent hafði í mansali og verið gerð út hér, sem stóð sig ótrúlega vel. Var rosalega áhugasöm, mætti í alla tíma og virtist ætla að snúa við blaðinu. Hún hvarf síðan skyndilega einn daginn og hætti að mæta. Þá hafði mamma hennar hringt í hana frá Nígeríu og sagt henni að einn melludólganna hefði hótað fjölskyldunni lífláti færi dóttir hennar ekki aftur að vinna. Þetta er auðvitað ótrúlega sorglegt.“

Næturathvarf opnað fyrir útlensku konurnar

Hinn 1. janúar opnuðu Reden-samtökin næturathvarf fyrir útlenskar vændiskonur og fórnarlömb mansals við Colbjørnsensgade, sem er hliðargata út frá Istedgade. Athvarfið fékk húsakost í kjallara Ráðgjafarmiðstöðvar fyrir erlendar konur. Svala var gerð að verkefnisstjóra yfir athvarfinu, en þar var opið tvisvar í viku, á fimmtudögum og föstudögum frá klukkan tíu á kvöldin til fimm á morgnana. „Þetta er nú ekki stórt húsnæði en í vetur þegar kaldast var í veðri komu hér hátt í sextíu konur þegar við vorum með opið. Konurnar koma hingað til að orna sér og fá ráðgjöf, hvíla sig og hitta aðrar konur í sambærilegum aðstæðum,” segir Svala.

„Það er búið að starfrækja næturathvarf í Kaupmannahöfn fyrir danskar konur í vændi í nokkur ár. Árið 2010 var ákveðið að opna næturathvarf fyrir útlenskar vændiskonur í tilraunaskyni í þrjá mánuði. Athvarfið fylltist út úr dyrum hverja einustu nótt og því var ákveðið að um leið og fjármagn gæfist yrði opnað næturathvarf til frambúðar fyrir útlenskar konur líka.“

Reden ákvað að verja fjármagni til að opna næturathvarf fyrir þennan hóp í janúar síðastliðnum til sex mánaða, en nú er það fé uppuríð og alls óvíst með framhaldið. Svala hefur sent stjórnvöldum og styrktarsamtökum beiðnir um að

Á Istedgade

„Auðvitað er ekkert í lagi að þú getir farið út á götu og keypt þér konu. Það er vissulega ekki ólöglegt en það er siðlaust.“



styrkja ahvarfið svo að hægt verði að reka það áfram. „Við erum að vona að fjármagn berist svo við getum opn- að aftur 1. október en við erum í það minnsta bjartsýn á að við fáum fjármagn frá borginni til að geta opnað aftur 1. janúar. Það er enginn annar staður í boði fyrir þessar konur á næturna og miðað við umfjöllunina sem lokun athvarfs- ins fékk í fjölmiðlum trúum við ekki öðru en að fjármagn berist. Svo er athvarfið líka orðið að pólitísku þrætuþli, en fulltrúi minnihlutans á danska þinginu skoraði á ríkisstjórn- ina í sjónvarpsfréttum að tryggja áframhaldandi starfsemi athvarfsins. Ríkisstjórnin er hins vegar í vanda, því hún lofaði í kosningabaráttunni gera kaup á vændi ólögleg í Dan- mörku, líkt og í Noregi og Svíþjóð.“

Umræðan um vændi í Danmörku hefur tekið á sig ótal myndir og sitt sýnist hverjum. „Auðvitað er ekkert í lagi að þú getir farið út á götu og keypt þér konu. Það er vissulega ekki ólöglegt en það er siðlaust. Ég tel að það yrði hugarfars- breyting hér ef lögunum yrði breytt. Um leið og vændi yrði gert ólöglegt myndu kannski koma hér upp kynslóðir með annað hugarfar til vændis. Þetta er ólöglegt og þess vegna auðvitað ekki í lagi.“

Svala segir alþjóðleg skipulögð glæpasamtök sem starfi þvert á landamæri standa fyrir mansalínu í Kaupmannahöfn. „Það er bara þannig, og þau eiga ekki í neinum vandræðum með að útvega konur. Um daginn var gerð lögreglurassía á Istedgade og átján nigerískar vændiskonur handtekna. Í þrjár vikur eftir það var steindautt að gera hjá okkur en svo komu bara nýjar konur í staðinn og allt varð eins og það var áður.“

Starf sem breytir manni

Neyðin heima fyrir drífur margar konurnar í Nígeríu úr landi í leit að betra lífi, og þær láta oft og tíðum ginnast af gylliboðum glæpamanna. Margar konurnar eiga börn í heimalandinu eða annars staðar sem þær vinna fyrir á götum Kaupmannahafnar. Hluti peninganna fer þá til barna þeirra en stærsti hlutinn til þrælaldara þeirra. Peningarnir eru þá iðulega sóttir og fluttir landa á milli.



Smelltu til að fræðast
frekar um Reden
International

„Það sem situr í mér er staða kvennanna sem eiga börn, og þær eru fjölmargar sem vinna fyrir börnunum sínum sem annaðhvort eru á Spáni eða Ítalíu eða í heimalandinu Nígeríu. Þessar konur neyðast til að vinna hér því þær fá enga vinnu í heimalandinu til að framfleyta börnunum sínum. Ein kvennanna, sem á tvíbura á Spáni sem eru í umsjá systur hennar, sagði mér um daginn að hún hefði ekki getað greitt húsaleigu fyrir íbúðina þeirra á Spáni í þrjá mánuði og hún óttaðist að börnin sín enduðu á götunni. Svona sögur sitja sitja í manni.“

Svala segir margar vændiskonurnar sem leita í Hreiðrið á nóttunni vera óléttar. „Það koma að meðaltali tvær konur til okkar á viku sem hafa orðið óléttar á götunni. Ýmist eru þær ekki að nota getnaðarvarnir eða kúnnarnir neita að nota smokkinn. Þessar konur fara nánast undantekningalaust í fóstureyðingu, sem við greiðum fyrir.“

Ofbeldi hluti af „starfinu“

Því miður er ofbeldi órjúfanlegur þáttur af mansali og vændi, en heimur götunnar er harður. Svala segir dæmi um að konur hafi komið í athvarfið að nóttu til með áverka eftir kúnna eða „vinnuveitendur“ sína. „Það komu tvær konur hérna um daginn sem höfðu verið barðar. Þeim þótti í raun mun alvarlegra og verra að kúnnarnir hefðu svikið þær um að greiða umsamið verð. Þeim var í raun alveg sama þótt þær hefðu verið barðar, sem segir eiginlega allt sem segja þarf um stöðu þessara kvenna,“ segir Svala.

„Konurnar eru auðvitað að vinna hérna á nóttunni við að selja sig, þar sem er fyllerí og fíkniefnaneysla, og það er auðvitað bara hættulegt. Þær neita yfirleitt að fara upp í bíla með kúnnum, því það eru dæmi um að keyrt hafi verið með konur út á Amager Fælled þar sem þær hafa verið barðar og þeim nauðgað.“

Eins og fram hefur komið eru konur frá Nígeríu í miklum meirihluta þeirra sem leita í næturathvarf Reden International. Þá lætur ein og ein kona frá Rúmeníu sjá sig af og til, en Svala segir erlendu vændiskonurnar við Istedgade

koma að megninu til frá þessum tveimur löndum. „Þessar rúmensku stoppa iðulega mjög stutt við en þær eru í annarri stöðu en þær nígerísku því að melludólgarnir þeirra eru á svæðinu og fylgjast grannt með þeim. Þær koma inn, ylja sér aðeins og fá sér kaffi en svo eru þær fljótar út aftur því þær vita að þær eiga að vera að vinna.“

Starf sem heillar þrátt fyrir allt

Þó að skuggahliðar samfélagsins séu í forgrunni í starfi Svölu, og erfiðar sögur og lífsreynsla vændiskvennanna sitji í henni, er hún þrátt fyrir allt sátt í sínu starfi. „Mér finnst alveg ótrúlega gott að geta gefið af mér í vinnunni, og það er það sem drífur mig áfram. Þó að maður heyri sögur af hræðilegri lífsreynslu, sem fá mann til að spyrja sig hvernig heimurinn geti verið svona ógeðslegur, eru það þessir litlu sigrar sem halda manni gangandi,“ segir Svala. „Við finnum svo mikið þakklæti frá konunum fyrir þetta starf sem við vinnum. Ein þeirra spurði okkur meira að segja um daginn hvort við hefðum farið í skóla til að læra að vera svona góðar! Þó að þetta sé oft erfitt finnst mér ég vera svo mikið á réttum stað. Mér finnst ótrúlega gott að geta hlustað á þessar konur og boðið þeim aðstoð, þó að langfæstar þeirra þiggi hana ekki af ótta við melludólga.“

Í athvarfið geta konurnar komið til að fá sér kaffi eða matarbita, til að slaka á, ylja sér og leita ráðgjafar. „Ég vildi óska þess að fleiri af þessum konum kæmust út úr þessu en vandamálið er auðvitað miklu stærra. Það er gríðarlega erfitt fyrir konu sem hefur verið meira og minna í klóm vændis í jafnvel langan tíma að snúa við blaðinu. Þú þarft að vera ansi sterk manneskja til þess, og þær eru það bara því miður ekki. En sem betur fer er alltaf ein og ein sem kemst út. Þær hafa bara svo takmarkaða möguleika sökum fátæktar og vanþekkingar og svo er sjálfstraustið hjá þeim í molum í ofanálag.“

Ósýnilegu konurnar

Svala er ekki í nokkrum vafa um að næturathvarf Reden International hafi nú þegar sannað gildi sitt. „Þetta skilar því



að nú höfum við tengsl við þessar konur. Ef við hefðum ekki opið hérna á nóttunni myndum við ekki vera í neinu sambandi við þær, sem skiptir máli upp á öryggi þeirra. Þær eru auðvitað fórnarlömb en eiga að hafa rétt á því að fá að tala við einhvern og að hitta lækni. Þær eiga líka að hafa rétt á að fá stuðning og fá athvarf til að koma og slappa af. Eftir að við lokuðum 1. júlí hafa konurnar verið að mæta hingað á daginn og þrúspyrja hvenær við ætlum að opna aftur. Þær segja að við verðum að opna áður en það verður kalt. Ég spurði eina þeirra hvað þær gerðu núna á næturna eftir að við lokuðum og hún sagði að þær hittust hérna fyrir utan á tröppunum, stundum hátt í fimmtíu konur!“

Svala segir gríðarlega mikilvægt að athvarfið verði opnað aftur á næturna. „Það skiptir svo miklu máli að ná sambandi við þennan hóp kvenna sem annars eru ósýnilegar. Og það hefur skilað sér þannig að fleiri þeirra fá nú læknisadstoð í gegnum okkur og fara í kynsjúkdómatékk og HIV-próf. Það er svo mikilvægt að ná þessari tengingu, því þessar afrísku eru til að mynda bara að selja sig á nóttunni, þær eru ekkert hérna á daginn.“

Finnur hjá sér þörfina að hjálpa meira

Spurð hversu lengi manneskja endist í slíku starfi og hvernig það hafi breytt henni svarar Svala: „Það hefur breytt mér þannig að það hefur opnað augu mín enn frekar gagnvart því hvað mansal er mikill viðbjóður og plága í samfélaginu. Auglýsingar þar sem konur eru hlutgerðar fara í taugarnar á mér sem aldrei fyrr eftir að ég byrjaði að vinna hérna. Ég vissi svo sem alveg af klámvæðingunni en ég læt hana pirra mig alveg sérstaklega mikið núna,“ segir Svala.

„Ég gæti alveg hugsað mér að taka masterspróf í félagsráðgjöf hérna úti og starfa sem félagsráðgjafi. Ég er mjög spennt fyrir því af því að ég finn enn svo sterka þörf hjá mér að vinna meira að þessum málaflokki og koma þessum konum enn frekar til hjálpar.“

TAKMARKIÐ AÐ VERÐA BESTUR

„Ég ætla að verða
einn af bestu
hlaupurum í heimi.
Það er takmark sem
ég hef unnið að síðan
ég var krakki.“

Kári Steinn Karlsson,
langhlaupari.

An ódýrra
uppylliefna

Bragðgott
grænifóður í
beytinginn

Fjölvitamin með
steinefnum fyrir
karla

Fjölvitamin með
steinefnum fyrir
konur



NOW er breið lína
hágæða fæðubótarefna
sem eru án allra
óæskilegra aukefna, svo
sem litar-, bragð- og
rotvarnarefna og ódýrra
uppylliefna.



Gæði • Hreinleiki • Virkni





PISTILL

Stefán Eiríksson
lögrelustjóri á
höfuðborgarsvæðinu

Hvar stendur hnífurinn í kúnni?

Stefán Eiríksson skrifar pistla í Kjarnann á þriggja vikna fresti um samfélagsmál.

Fyrr nokkrum árum voru áberandi fréttir um aukinn hnífaburð og hnífaárásir í mörgum nágrenna löndum okkar. Fréttir þessar komu meðal annars frá Danmörku og Noregi, sem og Bretlandi, og fylgdu upplýsingar um þær aðgerðir sem gripið var til af hálfu yfirvalda til þess að stemma stigu við þessari þróun. Þessa þróun mátti meðal annars rekja til skipulagðrar brotastarfsemi sem og bágrar félagslegrar stöðu, fíkniefna- og áfengisneyslu. Þær aðgerðir sem gripið var til í þeim tilgangi að takast á við þessa þróun voru hertar refsingar, aukið eftirlit og auknar heimildir lögreglu, til dæmis til að leita að vopnum á fólki.

Staða mála hér á landi á þessu sviði var til umræðu fyrr á þessu ári á sameiginlegu vísindaðingi Skurðalæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands. Sérstakt málþing var haldið innan ramma þess um stunguáverka þar sem farið var yfir stöðu þessara mála hér á landi, meðal annars frá sjónarhóli lögreglunnar.

Staðan hér á landi

Samkvæmt 30. grein vopnalaga er vopnaburður á almanna-færi bannaður. Heimilt er þó að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hættu er því samfara.

Hnífar eru skilgreindir sem vopn og bannaðir samkvæmt vopnalögum, að undanskildum hnífum til heimilishalds og atvinnu. Refsiramminn við brotum á vopnalögum er frá sektum og upp í fjögurra ára fangelsi og er langalgengast að menn séu sektaðir fyrir brot á vopnalögum. Engar sérstakar heimildir eru í lögnum til leitar eða eftirlits umfram það sem almennt gildir.


Ofbeldisbrotum hefur fækkað hér á landi undanfarin ár samkvæmt skrá og tilkynningum til lögreglu. Hins vegar er ljóst að ólöglegur hnífaburður er vaxandi vandamál því samkvæmt sömu skrá hefur verið lagt hald á sífellt fleiri hnífa hér á landi á undanförunum árum. Alls var lagt hald á hnífa í 345 málum á árunum 2007-2012, flest voru málin árið 2012. Fjöldi haldlagðra hnífa má sjá í meðfylgjandi töflum.

Hvað þýðir þetta?


Lögreglan telur að hnífaburður sé vaxandi vandamál, meðal annars í tengslum við skemmtanalið í miðborg Reykjavíkur. Í mörgum tilvikum má sjá í þessum málum tengsl við fíkniefna-sölu og skipulagða brotastarfsemi. Lögreglan er vel meðvituð um þessa stöðu og þróun og hefur öryggisbúnaður hennar verið bættur til þess að takast á við þessa breyttu mynd. Hins vegar eru engin merki um það í skrá og tölum lögreglu að hnífaárásur hafi fjölgað á undanförunum árum og ekki er að sjá að hnífum eða öðrum vopnum sé oftast beitt gegn lögreglu. Tölur og upplýsingar sem fram komu á málþinginu frá heilbrigðisgeiranum sýndu heldur ekki fram á fjölgun stunguáverka hér á landi á undanförunum árum. Aukið eftirlit lögreglu með þessu og fleiri haldlagningar en áður hafa án efa haft sitt að segja í þeim efnum. Engu að síður er ástæða til að halda vel vöku sinni gagnvart þessari þróun, ekki síst vegna tengslanna við skipulögðu brotastarfsemina.

Hnífabrot á skrá lögreglunnar

HELSTU BROT TENGD HNÍFAMÁLUM



FJÖLDI HNÍFA SEM LAGT VAR HALD Á 2007 TIL 2012



Sýrland: Fólkið ætti að vera í fyrirrúmi

ÁLIT



Valérie Amos
aðstoðarframkvæmda-
stjóri Sameinuðu
þjóðanna á sviði
mannúðaraðstoðar

Hið alvarlega ástand í Sýrlandi og beiting efnavopna tröllríða fréttum þessa dagana og eru efst á baugi í pólitískum og diplómátskum viðræðum og í umræðubáttum í sjónvarpi. Pólitíkin í Sýrlandi er hvarvetna til umræðu en minni athygli beinist að fólkinu.

Ég er nýkomin frá Damaskus, þar sem ástandið versnar sífellt. Sprengjuginn er hávær og stöðugur. Stórskotahríð dynur á úthverfunum og setið er um heilu borgirnar. Fólki og samfélög sem lifað hafa í sátt og samlyndi um langt skeið hafa snúist gegn hvert öðru.

Fólk er hrætt: líf þess er í hættu og bardagar, hrotta-skapur og mannréttindabrot eru daglegt brauð. Það veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Ein móðir, Jameelaw, sagði mér að börnin hennar vöknudu æpandi á nóttunni af ótta við að einhver ætlaði að gera þeim mein. Milljónir manna skortir mat, vatn og rafmagn. Margir eru orðnir úrræðalausir. Meira en tvær milljónir hafa flúið land.

Hrun efnahagslífsins hefur haft í för með sér að fólk getur ekki brauðfætt fjölskyldur sínar og stendur frammi fyrir því erfiða vali hvort því beri að vera um kyrrt eða flýja. Íbúarnir verða að vege og meta annars vegar óttann við dauða, limlestingar og sjúkdóma, skort á læknum og heilsugæslu og himinhátt verðlag á nauðsynjum og hins vegar óvissa framtíð sem heimilisleysingi eða flóttamaður. Kennsla barnanna, atvinnan og meðferð við krónískum sjúkdómum á borð við sykursýki eða nýrnasteina heyrir sögunni til. Þrátt fyrir góðan vilja hjálparstofnana hrekkur mannúðaraðstoð ekki til.

Eitt þúsund starfsmenn Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi og samstarfsmenn okkar vinna með almannasamtökum og samtökum íbúa til að hjálpa þeim sem þurfa mest á því að halda en þeir vita að við gerum ekki nóg. Margir landshlutar eru utan seilingar, ýmist vegna þess að það er of hættulegt að ferðast þangað eða að bílalestir hlaðnar hjálpargögnum komast ekki framhá vígjum ýmissa vopnaðra sveita. Við vitum að matvæli eru af hættulega skornum skammti sums staðar en getum ekki að gert. Enn starfa þrjú þúsund og fimm hundruð starfsmenn Sameinuðu þjóðanna með palestínskum flóttamönnum í búðum og í samfélögum sem orðið hafa fyrir barðinu á ofbeldinu.

Á meðan leitað er lausna skulum við minnst þess að á bak við háar tölur eru manneskjur og það er fólkið sjálft sem skiptir máli. Myndirnar sem okkur eru sýndar kunna að vera svo skelfilegar að við lítum undan en þetta er daglegur raunveruleiki Sýrlendinga. Það sem ég sá og heyrði í Sýrlandi færði mér heim sanninn um þann toll sem átökin taka af venjulegu fólki. Öryggisráðið er klofið í afstöðu sinni um pólitíska lausn en á meðan verðum við að efla mannúðaraðstoð okkar.

Ég hvet enn á ný meðlimi Öryggisráðsins að starfa saman til að tryggja í nafni mannúðar aðgang að fólki á þeim svæðum sem verst hafa orðið úti og vernda almenna borgara, heilsugæslu og mannúðarstarfsmenn. Ég bið öll ríki um að seilast enn dýpra í vasana til þess að afla sjóða til að við getum haldið starfi okkar áfram.

Margir Sýrlendingar, sérstaklega konur, sögðu mér að alþjóðasamfélagið hefði snúið við þeim bakinu. Ég er staðráðin í að sýna fram á að þeir hafi rangt fyrir sér. Sýnum Sýrlendingum að þeir séu ekki einir, að við höfum ekki yfirgefið þá; að heiminum standi ekki á sama.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundu verður að fylgja.

Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is

Flugvöllinn á Bessastaði

ÁLIT



Einar Örn Ólason
haf- og hafísfræðingur

Nú er aftur komin í gang umræða um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Það er ekki að ósekju, enda er völlurinn gríðarlega mikilvægur fyrir landsbyggðina og Vatnsmýrin að sama skapi verðmætt byggingarland fyrir Reykjavíkurborg. Nú stendur til að fjarlægja flugvöllinn og gera tilraun til að snúa frá þeirri hryggðarbraut sem skipulag höfuðborgarsvæðisins hefur verið á allt frá lokum heimstyrjaldarinnar. Vel væri ef það tækist, en fórnarkostnaðurinn er hár.

Talsvert hefur verið rætt um hvert mætti flytja flugvöllinn, en fáir góðir kostir virðast mögulegir. Í skýrslu sem verkfræðistofan Hönnun gerði fyrir Reykjavíkurborg árið 2006 eru nokkuð margir kostir skoðaðir en flestir fá þeir fall-einkunn. Þar fá skilyrði fyrir innanlandsflug til Keflavíkur og Hólmsheiði einkunnina „þökkaleg“ á meðan Vatnsmýrin og Löngusker fá einkunnina „góð“. Síðan þá hefur Veðurstofan gert veðurfarsrannsóknir á Hólmsheiði og að þeim loknum virðist ljóst að Hólmsheiði er ekki góður kostur fyrir flugvöll. Að sama skapi er flugvöllur á Lönguskerjum sennilega ekki góður kostur vegna særöks. Utan þessara kosta er bara ein staðsetning sem fær einkunnina „góð“ í skýrslunni og það er Bessastaðanes.

Bessastaðanes uppfyllir í raun öll skilyrði fyrir staðsetningu góðs innanlandsflugvallar. Það er nálægt miðborginni – þaðan er um 15 mínútna akstur á Landspítalann – veðurfar er gott og aðflugsskilyrði góð. Kostnaður við byggingu flugvallar þar væri minni en á Hólmsheiði og næstum helmingi minni en á Lönguskerjum. Með flugvöll á Bessastaðanesi mætti jafnvel hugsa sér að það yrði hagkvæmt og jafnvel arðbært að byggja veltengingu milli Vatnsmýrarinnar og Bessastaðanes og þaðan suður í Garðabæ. Slík tenging myndi þar að auki létta á umferðabunga um Hafnarfjarðarveg, Reykjanesbraut og Miklubraut. Helsti gallinn við það að byggja flugvöll á Bessastaðanesi er plássleysi, en þó hefði völlurinn þar ívið meira pláss en hann hefur nú í Vatnsmýrinni. Með því að gera austur-vestur braut vallarins að aðalbraut má þar að auki koma lengri braut fyrir á Bessastaðanesi en í Vatnsmýrinni, en það væri einnig í samræmi við ríkjandi vindáttir á svæðinu.

Það er auðvitað ekki Reykjavíkurborgar að ákveða að flugvellinum sé best komið í landi Garðabæjar og staðsetning Reykjavíkurflugvallar er heldur ekki einkamál þessara sveitarfélaga. Það er því ekki óeðlilegt að Samgönguráðuneytið og hugsanlega Samtök sveitarfélaga hafi frumkvæði að viðræðum um flutning vallarins. Væri flugvöllurinn fluttur á Bessastaðanes myndi vonandi nást sátt um hann. Rekstraröryggi flugfélaga sem nota hann myndi aukast, rekstrarskilyrði batna og fjárfesting í innanlandsflugi yrði mun vænlegri kostur. Að lokum myndi áframhaldandi sjúkraflug til höfuðborgarinnar tryggja um ókomna framtíð, en það er kostur sem seint verður metin til fjár.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundi verður að fylgja. Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is

Hjartað slær á landsbyggðinni

ÁLIT



Pétur Snæbjörnsson
framkvæmdastjóri
Höfundur hefur verið
stjórnandi í gisti- og
veitingarekstri í póst-
númeri 660 í tuttugu ár.

Alveg er hún merkileg þessi umræða um Reykjavíkurflugvöll að því leyti hvernig alltaf tekst að afvegaleiða hana þannig að hún snúist um tilfinningar og aukaatriði. Það er ótrúlegt að um sextíu þúsund manns skrifi undir óbreytt ástand í þessum málum. Það verður ekki skilið öðruvísi en sem hjarðhegðun hræddrar þjóðar. Lítum á nokkrar staðreyndir.

Notendur

Helstu notendur flugvallarins eru flugfélög með farþega, sjúkraflug, kennsluflug og einkaflug.

Farþegum í innanlandsflugi fækkar ár frá ári; flestir notendur þjónustunnar eru íbúar landsbyggðarinnar, sem aukinheldur fækkar jafnt og þétt. Langflestir notendurnir greiða ekki sjálfir fyrir miðann; annaðhvort er hann greiddur af fyrirtækjum, ríkinu eða foreldrum. Flestir eru í einkaerindum, af heilsufarsástæðum eða vegna menntunar/kennslu, nokkrir í viðskiptaerindum eða á vegum opinberra stofnana. Ekki dugir að vera bíllaus í bílaborginni Reykjavík og örfáir fljúga suður og leigja sér bíl á meðan á dvöl stendur. Þeir sem eiga erindi einhverja daga aka í borgina. Ætla má að flestir sem fljúga innanlands og greiða miða sína sjálfir séu á leið til útlanda og annaðhvort leigi bíl til að komast til Keflavíkur eða fái vini og vandamenn til að aka sér. Þjónustan er mjög sjálfhverf, ósýnileg á alþjóðlegum markaði og virðist snúast um allt annað en að uppfylla þarfir markaðarins. Ætla má að þetta sé dýrasta innanlandsflug í heimi og það tengist nánast ekki öðrum almenningssamgöngumiðlum en leigubílum og bílaleigum. Þjónustan eins og hún er rekin núna getur ekki vaxið og mun leggjast af á næsta áratug eða svo. Tvennt getur komið henni til bjargar; ríkisstuðningur eða fjölgun farþega. Ríkisstuðningurinn mun ekki koma og farþegum verður aðeins fjölgað með því að opna fyrir alþjóðamarkaðinn með opinni tengingu við alþjóðaflugið í Keflavík.

Það er flogið sjúkraflug fyrir um hálfan milljarð á ári og það má alveg velta því fyrir sér hvort það er skynsamleg meðferð fjármuna. Vissulega þarf stundum að fljúga með veika og slasaða einstaklinga en sú starfsemi er ekki yfir gagnrýni hafin. Það má gera margt í innviðum heilbrigðiskerfisins fyrir hálfan milljarð ár hvert. Sjúkraflug er flogið með þeim rökum að allir landsmenn eigi að hafa greiðan aðgang að Landspítalanum. Er það svo? Það segir sig sjálft að það er alls ekki svo. Það þarf ekkert að kafa djúpt í þetta en nefna má svæðið austan Víkurskarðs í vetrarveðrum og ófærð. Það má til sanns vegar færa að leiðin að sjúkraflugsþjónustunni sé nógu löng við upphaf þess svo ekki sé verið að flækja það meira á komustað, þess vegna þurfi að lenda við sjúkrahússdyrnar. Það má líka velta fyrir sér hvort ekki sé athugandi að hafa bráðamóttöku fyrir landið allt í Keflavík? Það er jú bara 20 mínútna akstur frá Reykjavík og það getur ekki verið neitt lögmál að bráðamóttakan eigi að vera þar. Er ekki best að hún sé þar sem hún þjónar best hlutverki sínu við viðskiptavinina? Þegar við veljum okkur samastað til búsetu verðum við að vera tilbúin að taka þá áhættu sem því fylgir, hvort sem er í sveit eða borg. Það þarf að búa fjórðungssjúkrahúsin þannig að þau geti sinnt hlutverki sínu, þar eru miklar fjárfestingar sem á að nýta íbúunum til hagsbóta, velsældar og lífsgæða. Manna þau af sérhæfðu fólki og fjárfesta í viðeigandi tækjabúnaði. Annars er ekkert gagn í þeim og eins gott að breyta þeim í öldrunarstofnanir strax. Sé ætlunin að halda landinu í byggð getur þetta ekki orðið öðruvísi. Nema það sé ætlunin að flytja alla landsbyggðina í nýju íbúðirnar í Vatnsmýrinni? Langar okkur til þess svona innst inni?

Um kennsluflug og einkaflug ætla ég að spara spekina, mér rennur í grun að slík starfsemi standi ekki undir nokkrum flugvelli og verði alltaf afleiða í viðskiptalegri kjarnastarfsemi flugvalla.

Tækifæri

Það er með nokkrum ólíkindum hvernig sveitarstjórnaryfirvöld á Suðurnesjum umgangast flugvöllinn á Miðnesheiði. Hann er sennilega stærsta og merkilegasta atvinnutækifæri á öllu svæðinu og engu líkara en hann sé þar öllum til óþurftar. Á vallarsvæðinu er fyrst núna árið 2013 nýbúið að opna lítið hótél við flugstöðina, engin eldsneytissala fyrir bíla er fyrr en inni í bæ í Keflavík eða Njarðvík og mér skilst að langflestir starfsmenn flugvallarins eigi heima á höfuðborgarsvæðinu. Svo er keppst við að koma farþegum flugstöðvarinnar sem fyrst til Reykjavíkur með rútum, en eru allir að fara þangað? Af hverju er engin að keppast við að koma farþegunum annað? Hvar eru rútuferðirnar á Suður- og Vesturland og hvar er tengiflugið til Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða? Af hverju er ekkert af þessum stóru hótélverkefnum sem fyrirhuguð eru í Reykjavík á Keflavíkurflugvelli? Allir almennilegir alþjóðaflugvellir hafa góð hótél í göngufæri við flugstöð, helst innangengt.

Gleymum því ekki að langflestir erlendir ferðamenn er hingað koma, en þeir halda jú öllu kerfinu uppi, eru komnir til að njóta íslenskrar náttúru. Hanna finna þeir ekki inni í Reykjavík, þannig að líklegt er að í það minnsta 30% þeirra myndu grípa fegins hendi tækifæri til að komast með einfaldari hætti á áfangastað en raun ber vitni. Það er auðvitað alveg út í bláinn að flestir erlendir gestir séu nánast neyddir til að eyða að minnsta kosti einni nótt í höfuðborginni. Það er samkeppnishamlandi og íþyngjandi fyrir markaðinn.

Niðurstaða

Nú er tímabært að grafa stríðsöxina um flugvöllinn og fara að hugsa málið til framtíðar með hag allra landsmanna að leiðarljósi. Sé vilji til að halda landinu í byggð er brýn nauðsyn á því að loka Reykjavíkurflugvelli sem allra fyrst, hann er samkeppnishamlandi gildra sem heldur landsbyggðinni í einangrun og skemmir fyrir eðlilegri uppbyggingu heilbrigðiskerfisins úti um land. Með því að flug innanlands tengist alþjóðafluginu bæði gegnum alþjóðleg sölukerfi og ekki síst í sömu flugstöðinni, innan Schengen, margfaldast eftirspurn eftir ferðamannaþjónustu um allt land, sem styrkir byggðirnar, eflir atvinnu og eykur fjárfestingu. Það er auk þess eina leiðin til þess að innanlandsflug verði á Íslandi í náinni framtíð. Með því að styrkja heilbrigðisstofnanir úti um land eflist byggðin, þekkingarstiggið hækkar, fasteignaverð hækkar og lífsgæðin aukast, með öllum þeim margfeldisáhrifum er því fylgja.

Þá verður ekki þörf fyrir allar íbúðirnar sem ætlunin er að byggja á höfuðborgarsvæðinu, því fólkið vill heldur lífsgæðin í heimabyggð. Þá verður hægt að friða Vatnsmýrina og gera þar griðland fyrir fugl og fisk, flógoða, himbrima, bleikju og urriða, jafnvel kúluskít ef vel tekst til. Hávellan mun svo sjá um að vagga höfuðborgarþúum í svefn á björtum vörnóttum.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundi verður að fylgja. Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is



ÞERRUM TÁRIN

903 1000 | 903 3000 | 903 5000

Hjálpum þeim sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða og söfnum fyrir nýrri geðgjörgæsludeild Landspítalans.



Sérstakur saksóknari

Mörg hrunmál fyrir dómstóla á næstu mánuðum

DÓMSMÁL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Um 100 þeirra mála sem embætti sérstaks saksóknara hefur rannsakað teljast til svokallaðra hrunmála. Í lok maí síðastliðnum hafði þegar verið ákært í um tuttugu þeirra. Umfangsmestu málin sem embætti sérstaks saksóknara hefur höfðað eru allsherjar markaðsmisnotkunarmál á hendur helstu stjórnendum Kaupþings og Landsbankans þar sem ákæru voru birtar snemma árs 2013. Í þeim var samtals ákært í átta málum þó að ákæruskjölin væru einungis tvö. Þar var ákært í tæplega einum tíunda hrunmála á einu bretti.





Smelltu til að sjá frétt um ákæru sérstaks saksóknara á hendur fyrverandi stjórnendum og starfsmönnum Kaupþings fyrir allsherjar markaðsmisnotkun



Smelltu til að sjá frétt um ákæru sérstaks saksóknara á hendur fyrverandi stjórnendum og starfsmönnum Landsbankans fyrir allsherjar markaðsmisnotkun

Von er á ákæru í sambærilegu máli á hendur hópi stjórnenda og starfsmanna Glitnis á næstu vikum.

Auk þess eru á þriðja tug mála komin á síðasta stig rannsóknar og að minnsta kosti fimmtán mál eru fullrannsókuð og bíða þess að saksóknarar taki ákvörðun um hvort ákært verði í þeim eða ekki.

Mörg þeirra mála sem embættið hefur ákært í eru á dagskrá dómstóla næstu mánuði. Kjarninn leit yfir þau helstu.

Umfangsmestu mál í heimi

Markaðsmisnotkunarmálin gegn stjórnendum Kaupþings og Landsbankans eru þau umfangsmestu sinnar tegundar í heiminum. Ákæror voru gefnar út í báðum málunum í mars á þessu ári. Í Kaupþingsmálinu eru alls níu fyrverandi starfsmenn ákærðir fyrir allsherjar markaðsmisnotkun. Það mál byggir á kæru frá Fjármálaeftirlitinu (FME) til saksóknara frá því í október 2009. Í Landsbankamálinu eru sex fyrverandi stjórnendur Landsbankans ákærðir fyrir sömu sakir og byggir sú ákæra á kæru frá FME frá því í október 2010. Rannsókn á sambærilegu máli á hendur hópi stjórnenda og starfsmanna Glitnis er sem fyrr segir lokið og er búist við að ákæra verði lögð fram nú í haust.

Dómsmeðferð í Kaupþings- og Landsbankamáluum hefur verið frestað fram yfir áramót og er búist við að aðalmeðferð muni fara fram vorið 2014.

Svik á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins

Hins vegar verða nokkur stór mál á dagskrá dómstóla í haust. Í þessum mánuði fer fram aðalmeðferð í máli embættis sérstaks saksóknara á hendur Páli Heimissyni, fyrverandi starfsmanni flokkahóps íhaldsmanna í Norðurlandaráði með aðstöðu á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins. Hann er ákærður fyrir umboðssvik og áttu meint brot hans sér stað á árunum 2009–2011. Páli er gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína með því að nota í rúmlega 320 skipti kreditkort Sjálfstæðisflokksins til úttekta á reiðufé og ýmissa kaupa. Alls er talið að hann hafi svikið út 19,4 milljónir króna með þessum hætti.



Í næstu viku fer einnig fram aðalmeðferð embættis sérstaks saksóknara í máli á hendur Hauki Hjaltasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra og eiganda heildverslunarinnar Dreifingar. Fyrirtækið varð gjaldþrota í nóvember 2010 og var Hauki í fyrrasumar gert að greiða þrotabúi fyrirtækisins rúmar eitt hundrað milljónir króna eftir að héraðsdómur rifti gjöfum þess til hans.

Aurum og BK-44

Í gær fór fram fyrirtaka í Aurum-málinu svokallaða, þar sem Lárusi Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, Magnúsi Arnari Arngrímssyni og Bjarna Jóhannessyni, fyrrverandi starfsmönnum, og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, fyrrverandi aðaleiganda Glitnis, er gefið að hafa framið umboðssvik þegar Glitnir lánaði FS38 sex milljarða króna til kaupa á félaginu Aurum Holding.

Mál sérstaks saksóknara gegn Birki Kristinssyni, Elmari Svavarssyni, Magnúsi Arnari Arngrímssyni og Jóhannesi Baldurssyni var þingfest í byrjun september. Fjórmenningarnir eru ákærðir fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og brot á lögum um ársreikninga vegna 3,8 milljarða króna lánveitingar til félagsins BK-44 í nóvember 2007. Félagið var í eigu Birkis, sem þá var starfsmaður í einkabankabjónustu Glitnis. Lögmaður Birkis lagði fram frávísunarkröfu í málinu og verður hún tekin fyrir um miðjan október.

Al-Thani í haust

Stærsta málið sem er á dagskrá í haust hlýtur hins vegar að vera Al-Thani málið svokallaða. Þar eru þeir Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Ólafur Ólafsson ákærðir, ýmist fyrir markaðsmisnotkun, umboðssvik eða hvort tveggja, i tengslum við kaup Sheikh Al-Thani á stórum hlut í Kaupþingi nokkrum dögum fyrir bankahrun. Aðalmeðferð þess máls fer fram 4. nóvember næstkomandi. Tugir vitna verða kallaðir fyrir dóminn og er reiknað með að aðalmeðferðin standi yfir í tvær vikur.



Smelltu til að sjá ákæru sérstaks saksóknara á hendur fyrrverandi stjórnendum og einum fyrrverandi eiganda Kaupþings í Al-Thani málinu





Skuldaniðurfellingar- loforðin og réttmætar væntingar

ÁLIT



Sigríður Rut
Júlíusdóttir
hæstaréttarlögmaður

I aðdraganda kosninga síðastliðið vor kom fram hið fræga kosningaloforð Framsóknarflokksins um að ríkisvaldið ætti að leiðrétta verðtryggð lán sem tekin hefðu verið á tilteknu tímabili. Málflutningur Framsóknarflokksins gekk út á að skilgreina einhvern „forsendubrest“ sem skuldarar verðtryggðra lána hefðu orðið fyrir vegna þess að lán þeirra hefðu hækkað umfram eðlilegar væntingar í verðbólguþykningu um og eftir bankahrun.

Eins og kunnugt er vann Framsóknarflokkurinn stórsigur í síðustu alþingiskosningum og margir hafa haldið því fram að þann sigur eigi flokkurinn þessu kosningaloforði um leiðréttingar verðtryggðra skulda að þakka.

Eftir kosningar og eftir að Framsóknarflokkurinn myndaði meirihlutastjórn með Sjálfstæðisflokknum hefur þessu loforði enn verið haldið á lofti. Ber þar að sjálfstæðingur fyrst að nefna stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem nálgast má á [heimasíðu stjórnarráðs Íslands](#). Þar kemur eftirfarandi fram um þessi skuldaleiðréttingafyrirheit:

„Ríkisstjórnin mun með markvissum aðgerðum taka á skuldavanda íslenskra heimila sem er til kominn vegna hinnar ófyrirsjáanlegru höfuðstólshækkunar verðtryggðra lána sem leiddi af hrúni fjármálakerfisins. Grunnviðmiðið er að ná fram leiðréttingu vegna verðbólguþykninga á árunum 2007–2010 en í því augnamiði má beita bæði beinni niðurfærslu höfuðstóls og skattalegum aðgerðum. Um verður að ræða almenna aðgerð óháð lántökutíma með áherslu á jafnræði. Beita má fjárhæðartakmörkun vegna hæstu lána og setja önnur skilyrði til að tryggja jafnræði í framkvæmd og skilvirkni úrræða.“

Það er síðan efni í nýja grein hvernig í ósköpunum tryggja megi slíkt jafnræði í framkvæmd og verður sú grein látin bíða betri tíma um sinn.

Með ofangreindri stefnuyfirlýsingu, sem og með eftirfarandi yfirlýsingum þingmanna og ráðherra Framsóknarflokksins, kunna að hafa myndast svokallaðar réttmætar væntingar þeirra sem skulda verðtryggð lán. Hinar réttmætu væntingar lúta að því að verðtryggð lán lántakanna verði lækkuð. Nánari útfærsla fer síðan eftir nákvæmari yfirlýsingum ráðherra sem nánar verður fjallað um hér að neðan.

Hvað eru réttmætar væntingar?

Réttmætar væntingar eru í raun lögvarin krafa þess aðila sem stjórnvöld beina yfirlýsingum sínum og fyrirheitum að. Sú lögvarða krafa lýtur síðan eignarrétti. Með öðrum orðum; loforð stjórnvalda sem beint er til tiltekinna aðila um tiltekna leiðréttingar skulda skapa þeim aðilum eignarrétt að réttmætum væntingum þess að loforðið verði uppfyllt.

Hugtakið er ekki algengt í dómum Hæstaréttar en því má þó sjá stað í dómum réttarins allt frá árinu 1964 þegar hinn svokallaði sundmarðadómur var kveðinn upp (hrd. 80/1963, þar er hugtakið þó kallað réttmætt traust en efnislegt inntak er sambærilegt).

Lykilatriðið hvað varðar réttmætar væntingar er að það felur í sér að einstaklingurinn má treysta því að honum verði fengin tiltekin réttindi, sem lofað var, jafnvel með lögum. Ef komist er að þeirri niðurstöðu að yfirlýsingar stjórnvalda hafi skapað réttmætar væntingar eiga einstaklingarnir lögvarinn rétt til þess að vera sköpuð sú aðstaða sem loforðið kvað á um. Krafan sem skapaðist vegna hinna réttmætu væntinga væri þannig eign einstaklinganna og nyti sem slík verndar eignarréttarákvæðis 72. greinar stjórnarskrár og 1. greinar 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu. Slíka eign má ekki samkvæmt stjórnarskrá svipta eigandann nema fullt verð eða fullar bætur komi fyrir. Með öðrum orðum; ef loforð stjórnvalda um skuldaniðurfellingu telst nógu skýrt til að skapa réttmætar væntingar mega stjórnvöld ekki hætta við að framkvæma skuldaniðurfellingarnar nema borga fullar bætur fyrir að hafa þannig skert þá eign sem í hinum réttmætu væntingum felst.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í ýmsum dómum fjallað um réttmætar væntingar (e. legitimate expectations). Í Von Hannover-dómnum (Von Hannover gegn Þýskalandi, 24. júní 2004) er til að mynda tekið af skarið um að opinberar persónur eigi réttmætar væntingar til að njóta friðhelgi einkalífs. Í sératkvæði í Lykourazos-málinu (Lykourazos gegn Grikklandi, 15. júní 2006, sératkvæði Loucaides dómara) er jafnvel fjallað um réttmætar væntingar kjósenda. Í dómi Mannréttindadómstólsins í máli Fedorenko gegn Úkraínu (1. júní 2006) er einnig fjallað um réttmætar væntingar til samningsákvæðis um lágmarksverð.

Þetta hefur þá þýðingu að næsta vísitími má telja að ef fyrirheit um skuldaniðurfellingu verður ekki efnt höfðar einhver lántaki skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu með vísan til ofangreinds.

Réttmætar væntingar hafa áhrif á athafnir borgaranna

Eitt helsta einkenni þess að réttmætar væntingar hafi skapast er það að borgararnir eða þeir sem loforðum stjórnvalda er beint að byrja að aðhafast eitthvað í krafti eða trausti hinna réttmætu væntinga.

Vissulega væri hægt að nefna hér óbein áhrif skuldaniðurfellingarloforðsins eins og þær fullyrðingar fasteignasala að hægt hafi verulega á fasteignamarkaðnum þar sem seljendur sem skuldi verðtryggð húsnæðislán haldi að sér höndum og vilji ekki selja eignir sínar fyrr en stjórnvöld hafa staðið við loforð sitt um að leiðrétta þær skuldir sem víla á fasteignunum. En betra væri að nefna skýrara og augljósara dæmi:

Hinn 23. ágúst síðastliðinn birtist frétt á [ruv.is](#) um að færest hefði í vöxt að seljendur fasteigna settu fyrirvara í kaupsamninga um fasteignir sínar þar sem tryggt væri að seljendurnir högnuðust á leiðréttingum lána en ekki kaupendur sem yfirtaka lánin við kaup fasteignarinnar.

Hægt er að benda á þessa umfjöllun til að færa rök fyrir því að réttmætar væntingar hafi skapast og séu þegar farnar að hafa áhrif á athafnir borgaranna, sem vilja tryggja sér lánaleiðréttinguna með þessum hætti við sölu fasteigna.

Niðurstöður frá sérfræðingahópi?

Hér er rétt að staldra við og minna á að samkvæmt þingsályktun frá í júní síðastliðnum skyldu settir á fót sérfræðingahópar sem „útfæri mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána“. Af fréttum að dæma virðist sem sérfræðingahópurinn hafi rétt nýlega verið skipaður og að engar tillögur liggi fyrir frá þeim hópi enn.

Það virðist þó ekki hafa letjandi áhrif á fyrirvaralausar yfirlýsingar forsætisráðherra um að skuldaleiðréttingin skuli verða að veruleika. Þvert á móti, vegna þess að í kjölfar ofangreindrar fréttar um fyrirvarana í kaupsamningunum um fasteignir steig forsætisráðherra fram í fjölmiðlum og eflði hinar réttmætu væntingar enn frekar til að skuldaleiðrétting yrði að veruleika, hversu stóða nefndarinnar yrði. Haft var eftir forsætisráðherra að slíkir fyrirvarar í kaupsamningum væru óþarfir. Svo virðist sem skilja megi yfirlýsingar hans þannig að fyrirvararnir séu óþarfir vegna þess að það liggi alveg ljóst fyrir hver eigi að hljóta þá fjármuni sem af leiðréttingunum fái. Eftirfarandi er orðrétt haft eftir forsætisráðherra í fjölmiðlum:

„En í þessu tilfelli höfum við lagt á það áherslu að sú leiðrétting sem um er að ræða eigi að miðast við að leiðrétta hjá þeim sem urðu fyrir tjóni vegna þessa margumrædda forsendubrests. Þannig að það skiptir ekki hvaða samningur hafi verið gerður í millitíðinni, hvort menn hafi selt eða endurfjármagnað eða gert aðrar breytingar. Þetta miðist við að bæta tjónið sem varð vegna hruns bankanna, sem bein afleiðing af því og þá hjá þeim sem urðu fyrir því tjóni.“ (Morgunblaðið 25. ágúst 2013)

Á [ruv.is](#) er eftirfarandi haft eftir forsætisráðherra: „Ja, auðvitað vilja menn alltaf hafa varann á. En í þessu tilfelli höfum við lagt á það áherslu að sú leiðrétting sem um er að ræða eigi að miðast við að leiðrétta hjá þeim sem urðu fyrir tjóni, vegna þessa margumrædda forsendubrests. Þannig að það skiptir ekki máli hvaða samningar hafi verið gerðir í millitíðinni, hvort menn hafi selt eða endurfjármagnað eða gert aðrar breytingar. Þetta miðist við að bæta tjónið sem varð vegna hruns bankanna, sem bein afleiðing af því, og þá hjá þeim sem urðu fyrir því tjóni,“ segir forsætisráðherra.

Þannig að þeir sem tóku lán 2007 og seldu 2008 fá líka leiðréttingu?

„Já, þeir sem að urðu fyrir þeim áhrifum af þessu. En ekki kannski þeir sem að seldu áður en áhrifin komu fram. En þeir sem að áttu eign og urðu fyrir þessu af þeim sökum að þeir voru búnir að fjárfesta.“

Þar af leiðandi, segir Sigmundur, þurfa seljendur ekki að setja fyrirvara, um að þeir njóti komandi lánaleiðréttinga, í kaupsamninga. (Rúv 25. ágúst 2013)

Lítill vafi er á því að þessar yfirlýsingar forsætisráðherra eru vatn á myllu þeirra sem halda vilja því fram að stjórnvöld hafi skapað þessum lögum réttmætar væntingar og síðan ítrekað eftir þær með eftirfarandi yfirlýsingum sínum. Vekja verður athygli á því að ofangreindar yfirlýsingar eru fyrirvaralausar.

Á vefmiðlinum [eyjan.is](#) er eftirfarandi haft eftir forsætisráðherra í frétt hinn 6. september síðastliðinn:

„Ég var mjög bjartsýnn fyrir en er í rauninni ennþá bjartsýnni núna þegar ég hef fengið að fylgjast aðeins með þessari vinnu,“ segir forsætisráðherra um framvindu vinnu við niðurfærslu skudla. Hann fullyrðir að kostnaður verði töluvert undir 300 milljörðum króna.“

Aðrir framámenn þingflokks Framsóknarflokksins hafa einnig lagt sín lóð á vogarskálar til að efla réttmætar væntingar um skuldaleiðréttingar. Helst má þar af handahófi nefna Vigdís Hauksdóttur í viðtali við Viðskiptablaðið 1. september síðastliðinn:

„Við höfum svo mikla sannfærðingu fyrir því að þetta [skuldaleiðrétting] sé hæg að við hövum ekki frá því. Þetta þessara mála verða kynnt í nóvember í síðasta lagi. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, hefur ítrekað það oft í viðtölum að þetta verður gert. Skuldaniðurfellingin á ekki að bitna á ríkissjóði eins og matsfyrirtækin vilja meina heldur koma fram þegar samið verður við þrotabú gömlu bankanna. Það er alveg klárt. Svigrúmið þar verður til þess að þetta verður hægt. Ég treysti forsætisráðherra best af öllum til að uppfylla þetta og ber fullt traust til hans.“

Hver er vilji Sjálfstæðisflokksins?

Þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa verið mun varkárari í yfirlýsingum sínum og gætnari varðandi það að yfirlýsingar þeirra kunni að skapa óafturkræf fyrirheit eða réttmætar væntingar um leiðréttingu lána.

Þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins verða þó að hafa í huga að aðgerðaleygi þeirra í þessum efnum eflir einnig réttmætu væntingum vegna yfirlýsingar forsætisráðherra kunna að skapa. Það er vegna þess að ef ráðherrar eða þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja ekki að hinar réttmætu væntingar skapist eða eflist ber þeim skylda til að taka af öll tvímæli um slíkt á opinberum vettvangi um að ekki sé um fyrirvaralaus loforð um skuldaniðurfellingu að ræða.

Ítrekaðar yfirlýsingar ráðherra og þingmanna Framsóknarflokksins um að skuldaleiðrétting skuli verða að veruleika draga úr líkindunum fyrir því að samstarfsflokknum sé unnt að hafa nokkuð um það að segja hvort af þeirri, sama hvað kemur út úr vinnu sérfræðinganevndarinnar sem skoða á þau mál.

Ef ráðherrar og þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja gjalda varhug við slíkum almennum skuldaleiðréttingum og ekki fara út í þær nema til dæmis að fram komnum tilteknum forsendum um hagræn eða efnahagsleg áhrif slíkra aðgerða verða sjálfstæðismenn að stíga fram og draga úr hinum réttmætu væntingum sem framsóknaryrmynd keppast við að efla meir tiltekingum fyrirvaralausar yfirlýsingum sínum um skuldaniðurfellingar sem verði að veruleika burt séð frá niðurstöðum sérfræðinganevnda.

Staðan er nefnilega sú að með hverjum deginum sem forsætisráðherra eða aðrir úr Framsóknarþingliðinu stíga fram og ítreka réttmætu væntingarnar auka þau einnig líkurnar á því að einhver taki sig til og höfði mál á hendur ríkinu ef skuldaleiðréttingarnar verða ekki að veruleika. Ósagt skal látið um hugsanlega niðurstöðu slíks dómsmáls.

Hugnast ráðherrum Sjálfstæðisflokksins þessi aðstaða? Rétt er að inna formann Sjálfstæðisflokksins eftir því hvort hann taki undir fyrirvaralaus loforð samstarfsflokksins í ríkisstjórn um að til skuldaleiðréttinga muni koma hvað sem tautar og raular.



Formaður flokksins Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, er með trúnaðarfólk sitt í forystustörfum fyrir Framsókn í Reykjavík.



Framsókn að vígbúast

STJÓRNMÁL

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Framsóknarflokkurinn ætlar sér stóra hluti í sveitarstjórnarkosningum næsta vor og er þá ekki síst horft til stöðunnar í Reykjavík. Þar er Framsóknarflokkurinn ekki með einn einasta borgarfulltrúa. Samkvæmt heimildum Kjarnans eru framsóknarmenn þegar byrjaðir að „vígbúast“ eins og einn viðmælandi komst að orði, og ætla sér stóra hluti í kosningunum. Sjálfstraustið vantar ekki eftir alþingiskosningarnar síðastliðið vor þar sem flokkurinn vann mikinn kosningasigur, fékk tæplega 25 prósent atkvæða og 19 þingmenn, þar af fjóra úr Reykjavíkurborgarmunum tveimur.





Smelltu til að skoða félag
Framsóknarflokksins í
Reykjavík

Óskar orðaður við forystu

Óskar Bergsson, fyrrverandi borgarfulltrúi flokksins, segist vonast til þess að Framsóknarflokkurinn nái að stilla saman strengi í baklandinu fyrir kosningar og útilokar ekki að hann verði í framboði fyrir flokkinn. „Ég hef ekki tekið neina ákvörðun ennþá um hvort ég fer í þennan slag en ég útiloka það ekki. Það eru spennandi tímar fram undan í íslenskum stjórnámálum og Framsóknarflokkurinn á mikið inni í Reykjavík,“ sagði Óskar.

Ýmislegt rætt – ekki Sigmar

Ýmislegt hefur verið skeggrætt á göngunum í Ráðhúsi Reykjavíkur að undanfögnu um hvaða einstaklingar kunni að bjóða sig fram í næstu kosningum. Eitt þeirra nafna sem borgarfulltrúar í Reykjavík hafa rætt um sín á milli að hafi verið orðað við Framsóknarflokkinn er Sigmar Vilhjálmsson, einn eigenda Hamborgarafabrickunnar og Stórveldisins. Í samtali við Kjarnann sagði Sigmar þetta af og frá, hann hefði engan áhuga á því að fara í stjórnámál. Að auki byggir hann í Mosfellsbæ svo þetta væri algjörlega úr lausu lofti gripið og ekkert til í þessu.

Lykilstaða ef vel gengur

Framsóknarflokkurinn getur komist í lykilstöðu eftir næstu sveitarstjórnarkosningar ef hann fær einn eða fleiri borgarfulltrúa. Þá er sama pólitíska bandalag og ræður ríkjum í landsmálunum, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, ekki langt undan. Ef marka má viðmælendur Kjarnans eru töluverðar líkur á að það samstarf verði ofan á ef Framsóknarflokkurinn nær vopnum sínum. Í það minnsta er vilji til þess að mynda slíkt bandalag hjá Framsóknarflokki eins og mál standa nú.

Fimmtán borgarfulltrúar eru í Reykjavík; sex fyrir Besta flokkinn, fimm fyrir Sjálfstæðisflokkinn, þrír fyrir Samfylkinguna og einn fyrir Vinstri græn. Ef Framsóknarflokkurinn nær inn fulltrúum á kostnað annaðhvort Besta flokksins eða Samfylkingarinnar væri meirihlutinn fallinn og pólitísk staða galopin.



Sögulega hefur Framsóknarflokkurinn hins vegar alltaf verið veikur í Reykjavík og átt í erfiðleikum með að mynda öfluga fjöldahreyfingu í höfuðborginni. Með byrinn í seglum frá kosningunum í vor gæti þó verið tækifæri til þess að stórefla flokkinn á sveitarstjórnarstiginu í komandi kosningum. Framganga flokksins í landsmálunum, meðal annars þegar kemur að aðgerðum er tengjast skuldum heimilanna, getur skipt sköpum fyrir það sem koma skal í sveitarstjórnarkosningum. Ef fólk verður ánægt með aðgerðirnar mun það hjálpa flokknunum en ef aðgerðinar standa ekki undir þeim miklu væntingum sem skapaðar voru fyrir kosningar um leiðréttingar á lánum gæti það unnið verulega gegn honum.

Trúnaðarmenn nálægt flokksforystunni

Forystumenn Framsóknarflokksins í Reykjavík eru nánir trúnaðarmenn formannsins, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri eignastýringarþjónustu MP banka, er formaður kjördæmissambands framsóknarmanna í Reykjavík, og starfandi formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur er Þuríður Bernódusdóttir. Sigurður er sem kunnugt er einn nánasti efnahagsráðgjafi Sigmundar Davíðs og situr meðal annars í nefnd stjórnvalda sem er að útfæra niðurfellingar á skuldum heimilanna.



Trunt trunt og tröllin í fjöllunum

ÁLIT



Stefán Bogi Sveinsson
Lögfræðingur og forseti
bæjarstjórnar
Fljótsdalshéraðs

Það er vel þekkt í heimi sveitarstjórna að mætustu sveitarstjórnarmenn geta verið fljótir að gleyma fortíð sinni þegar sá dagur kemur að þeir fara yfir um, skipta um lið, fara yfir móðuna miklu, eða hvað annað sem menn í hálfkæringi kalla það þegar sveitarstjórnarmaður sest á Alþingi. Stundum er talað um að menn gangi í björg og er þá vísað til þjóðsagna-minna um menn og konur sem hurfu til fjalla til sambýlis við huldufólk og vætti eða tóku trúna á trunt trunt og tröllin í fjöllunum eins og segir í sögunni. Urðu það oft hin verstu flögð og fordæður sem þannig háttaði um.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra, og þar með ráðherra sveitarstjórnarmála, var í stuttu viðtali í fyrstu útgáfu Kjarnans og ræddi þar meðal annars stöðu sveitarfélaganna. Hanna Birna er reynslubolti af sveitarstjórnarstiginu, fyrrverandi borgarstjóri og stjórnarmaður í Sambandi sveitarfélaga. Þess vegna mætti ætla að ráðherra sveitarstjórnarmála gæti tjáð sig af mikilli reynslu og innsýn um málaflokkinn. Ummæli hennar ollu mér vonbrigðum.

Lausnir ráðherra vöktu furðu

Mikið þúður fór í að ræða um skuldastöðu sveitarfélaganna og það er sannarlega rétt að mörg sveitarfélög á landinu skulda of mikið. Það er líka rétt sem fram kom hjá ráðherranum að mikilvægt er að takast á við skuldavandann og lækka þannig fjármagnskostnað. Þetta hafa velflest sveitarfélög verið að gera undanfarin ár og gengið afar vel. Það má líka halda því fram að sveitarfélögin hafi tekið á sínum fjármálum af meiri festu en ríkið á þessum sama tíma, en sveitarfélögin studdu heilshugar og fögnuðu því þegar settar voru sérstakar fjármálareglur í ný sveitarstjórnarlög sem kveða meðal annars á um hámarksskuldsetningu. Ekki verður séð að alþingismenn hafi jafn mikinn áhuga á að setja slíkar reglur um ríkisfjármál.

En það voru lausnir ráðherrans sem vöktu furðu mína. Í fyrsta lagi var kveðinn upp sá stóridómur að yfirbygging og stjórnsýsla sveitarfélaganna sé of umfangsmikil og of mikill kostnaður liggja í rekstri kerfisins sjálfs. Það getur verið að Hanna Birna dragi þennan lærdóm af reynslu sinni hjá Reykjavíkurborg, en þegar verið er að ræða um sveitarstjórnarstigið í heild er betra að fara varlega í alhæfingar. Í þeim sveitarfélögum þar sem ég þekki til hefur frá hruni verið skorið niður í rekstri eins og framast er kostur og gildir það alveg jafnt um yfirstjórn sem og annað. Það hefur skapað mikið álag á starfsfólk vegna þess að íbúar sveitarfélaganna gera að sjálfsögðu kröfu um góða þjónustu og er reynt að veita hana eftir sem áður. Það hlýtur því að vera svekkjandi fyrir þá sem hafa reynt að standa sig undir auknu álagi á undanförunum árum að heyra ráðherra sveitarstjórnarmála tjá sig með þessum hætti.

Hin lausnin sem kynnt var til sögunnar af hálfu ráðherrans var síðan aukin einkavæðing. Raunar hvatti hún sveitarfélögin til að vera „óhrædd“ við að skoða aðra kosti við rekstur almannaþjónustu en rekstur sveitarfélaganna. Ég held að sveitarstjórnarmenn láti almennt ekki ótta ráða för við ákvarðanatöku sína. En það skyldi þó aldrei vera að það væri full ástæða til að hafa í það minnsta ákveðnar áhyggjur af því þegar einkaaðilum er falið að reka grunnþjónustu eins og skóla, leikskóla og þjónustu við aldrada.

Sveitarstjórnarmaður klórar sér í höfðinu

Einkaaðilar vilja arð af starfsemi sinni. Það þýðir að hluti þess fjármagns sem hið opinbera leggur til rennur í vasa eigenda fyrirtækisins en ekki til þess að bæta þjónustuna við íbúana. Mér hefur ekki virst vera einn einasti fótur fyrir því sem fullyrt hefur verið, meðal annars í framangreindu viðtali, að einkarekstur sé hagkvæmari eða hvað þá að einkarekstur bæti þjónustuna. Þvert á móti má finna dæmi þar sem ekki verður annað séð en að gæðin hafi mátt víkja fyrir hagnaðarkröfu og er skemmst að minnast málefna leikskóla eins í Vesturbæ Reykjavíkur því til stuðnings. Þegar um einkarekstur er að ræða er líka þeim mun lengri leið fyrir yfirvöld sveitarfélaga að kippa í taumanna þegar eitthvað ber út af í gæðum þjónustunnar.

En ráðherra vill að sveitarfélögin hagræði. Það kemur hins vegar líka fram í máli hennar að hún vill að sveitarfélögin lækki útsvarið. Og nú er einn einfaldur sveitarstjórnarmaður austur á landi farinn að klóra sér í höfðinu. Því þessi sömu sveitarfélög og eru skuldsett og eiga að einsetja sér að greiða niður þessar skuldir eiga jafnframt að skera niður þá tekjustofna sem ríkisvaldið hefur náðarsamlegast skammtað sveitarfélögunum og duga rétt svo mátulega til að halda uppi því þjónustustigi sem þeim er ætlað að gera. Sveitarfélög úti um landið sem eru fjölkjarna, landmikil og dreifbýl geta ekki leyft sér slíkan munað. Þau sveitarfélög sem geta mögulega farið niður úr því sem í dag er lágmarksútsvar, og hefur lengi verið draumur sjálfstæðismanna að losna við, eru örfámenn sveitarfélög sem einhverra hluta vegna búa við tekjur af atvinnustarfsemi sem kalla má gríðarlegar þegar þeim er deilt niður á hvern íbúa. Sveitarfélög með um eða innan við 100 íbúa sem njóta til að mynda verulegra fasteignagjalda af stóriðju eða orkuvinnslu en veita oft á tíðum takmarkaða þjónustu af eigin rammleik.

Það eina sem þetta skringilega áherslumál Sjálfstæðisflokksins mun gera er að skapa aukinn möguleika á litlum skattaparadísnum hér og þar um landið og gera enn ólíklegra að íbúar þessara sveitarfélaga muni nokkurn tíma verða viljugir til að sameinast inn í sæmilega starfhæfar einingar. Og það er furðuleg framtíðarsýn ef menn á annað borð vilja sjá öflugt og farsælt sveitarstjórnarstig.



Microsoft veðjar á myndirnar



Nýtt frá Nokia
Lumia 1020 er með 41
megapixla mynda-
vél og er hannaður
með myndatökur við
fjölbreytilegustu
aðstæður í huga.

TÆKNI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Myndavélasíminn Lumia 1020 er sérstakur vegna ótrúlegra myndamöguleika, en í honum er innbyggð 41 megapixla myndavél. Enginn annar sími býður upp á viðlíka myndgæði. Hugbúnaðarrisinn Microsoft veðjar á að Lumia-síminn muni hægt og bitandi ná sterkari markaðshlutdeild en hann er með nú. Samsung er með gríðarlega sterka stöðu með samtals um 27 prósentu markaðshlutdeild á meðan Apple er aðeins fyrir neðan með riflega 20 prósent. Aðrir framleiðendur skipta síðan því sem eftir er á milli sín.



Tilkynnt um kaup

Stephen Elop, forstjóri Nokia og fyrrverandi stjórnandi viðskiptaþróunar hjá Microsoft, hefur hagrætt verulega í rekstri Nokia og einblínt á að gera Lumia-símama að bestu myndavélasímum á markaðnum. Þar á sylla Nokia að vera og þaðan getur fyrirtækið vaxið. Elop lagði strax upp með mikið samstarf við Microsoft þegar kemur að stýrikerfi, en Nokia-símarnir eru með Windows Phone 8 stýrikerfi. Það kom því ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar tilkynnt var hinn 3. september síðastliðið að Microsoft hygðist kaupa Nokia fyrir 7,25 milljarða dala, sem nemur tæplega þúsund milljörðum króna. Steve Ballmer hyggst brátt hætta sem forstjóri Microsoft og hefur Elop verið orðaður við stöðuna.

Ótrúleg gæði

„Myndirnar sem teknar eru á Lumia 1020 símann standast samanburð við allar aðrar myndavélar,“ segir Stephen Alvarez, ljósmyndari National Geographic. Hann segir myndavélina í símanum ráða við erfiðar aðstæður til ljósmyndunar, svo sem myndatöku á hlutum á mikilli ferð og einnig þegar ná þurfi mikilli vídd en um leið skörpum myndum. Microsoft veðjar á að þessi gæði muni auka virði Nokia til muna á næstu árum og hjálpa fyrirtækinu að ná vopnum sínum aftur. Óhætt er að segja að fyrirtækið hafi ekki náð nægilega góðum árangri á síðustu árum og tapað niður sterkri stöðu. Fyrir tíu árum nam markaðsvirði félagsins 200 milljörðum dala en nú er það selt á 7,25 milljarða dala, eins og áður segir. Tíminn verður að leiða í ljós hvort veðmál Microsoft reynist rétt en viðtökurnar sem Lumia 1020 fær á mörkuðum gætu ráðið miklu um framhaldið og hvort Nokia á möguleika á því að verða aftur risi á farsímamarkaði.



Smelltu til að sjá nánari
upplýsingar um Nokia
Lumia 1020

LITLA LJÓÐA HÁTÍÐIN

LITLA LJÓÐA HÁMERIN OG HÁSI KISI
STANDA AÐ LITLU LJÓÐAHÁTÍÐINI

Í NORÐAUSTURRÍKI



EINAR MÁR
GUÐMUNDSSON



INGUNN
SNÆDAL



SIGURBJÖRG
PRASTARDÓTTIR



SJÓN



SIGURÐUR
INGÓLFSSON



KRISTÍN
JÓNSDÓTTIR



GRÉTA KRISTÍN
ÓMARSDÓTTIR

EGILSSTAÐIR

FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER

20:00 LJÓÐAGANGA Í HALLORMSSTAÐASKÓGI

Kristín Jónsdóttir, Arnar Sigbjörnsson, Steinunn Rut Friðriksdóttir og Stefan Bogi Sveinsson. Heiðbundin ljóðagerð og ketilkaffi í boði skógarmanna.

FÖSTUDAGUR 20. SEPTEMBER

17:00 BÓKMENNTABARSTUND Á HÓTEL HÉRAÐI

Einar Már Guðmundsson les úr skáldverkum sínum.

20:00 LJÓÐAKVÖLD Í SLÁTURHÚSINU

Einar Már Guðmundsson, Ingunn Snædal, Kristín Jónsdóttir, Sigurbjörg Prastardóttir, Sjón.

LAUGARDAGUR 21. SEPTEMBER 11:00 LISTFENGI Á FJÖLLUM

Skáldin taka þátt í ljóðagjöfningi á áningarstaðnum á Biskupshálsi, milli Viðidals og Grímsstaða á Fjöllum, til minningar um Kristján Jónsson fjallaskáld. Kakó og kleinur í boði fyrir gesti.

AKUREYRI

LAUGARDAGUR 21. SEPTEMBER

16:00 BÓKMENNTABARSTUND Á HÓTEL AKUREYRI

Sigurbjörg Prastardóttir og Sjón lesa úr skáldverkum fyrir bargesti hótelsins.

17:00 LJÓÐADAGSKRÁ Í POPULUS TREMULA

Einar Már Guðmundsson, Gréta Kristín Ómarsdóttir, Sigurbjörg Prastardóttir, Sigurður Ingólfsson, Sjón. Malpokar leyfðir.

SUNNUDAGUR 22. SEPTEMBER

14:00 LJÓÐAGANGA Í KJARNASKÓGI

Einar Már Guðmundsson, Gréta Kristín Ómarsdóttir, Sigurbjörg Prastardóttir, Sigurður Ingólfsson, Sjón, Urður Snædal. Kaffi á katlinum í boði skógræktarféлага.



MENNINGARRÁÐ
AUSTURLANDS



MENNINGARRÁÐ
EYPINGS



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



HÉRAÐ
Akureyrri



AKUREYRI
Ríkisskóli



SKÓGRÆKT
RÍKISINS



FJÓLSKÓLI
HÉRAÐS



VÍSIR

BÓKAKAFFI
HLÖÐUM



AMTSBÓKASAFN
AKUREYRI



AKUREYRARTEYFOGA



UPPHEIMAR



Íslandsbanki



HEF



JARÐBÖÐIN VIÐ MYVATN



FJÓLSKÓLI
HÉRAÐS



FORLAGIÐ



BJARTUR
VERÖLD



ATLANEYRI



Skriðuklaustur



Menningarsetur & sögustaður

EXIT

Exit er menningar-, afþreyingar- og lífsstílskaflí kjarnans.

Skop

Smelltu til að sjá allt skopið



Samfélagið segir...



HJÖRTUR HJARTARSON @hjorturh18h

Gylfi Sig outstanding í kvöld. #TheSig
Þriðjudagurinn 10. september



BENEDIKT BÓAS HINRIKSSON @benediktboas

Úr myndasafni Moggans. Þegar Móri kom til landsins að horfa á Eið Guðjohnsen #BrynjarGauti #EkkertVIP
pic.twitter.com/MXn82Y348i
Sunnudagurinn 8. september



ARON GUNNARSSON @AronGunnarsson1

Djöfull er gaman að vera Íslendingur í dag!
Þriðjudagurinn 10. september



HILDUR LILLIENDAHL @snilldur

Maðurinn minn bloggaði um feðraveldið. Ég er bæði hrærd og montin. <http://go.gogn.in/1cOES5m>
Föstudagurinn 6. september



MARÍA SIGRÚN HILMARSDÓTTIR

Efstaleiti 1, -á mörkum íþróttadeildar og fréttastofu.

María Sigrún: „Hæ! Gaman að sjá þig!“

Samúel Örn Erlingsson: „Nei sæl og blessuð! Hva!

Aftur ólétt?.....Og komin svona langt. Bíddu....ertu ekki nýbúin að eiga?“

María Sigrún: „Uuuuuu.....ha.....jah....jú....eða...svona hann er rúmlega eins árs.“

Samúel Örn: „Flott. Þið haldið ykkur við efnið....ég hittí einmitt manninn þinn Pétur Árni Jónsson í Þýskalandi um daginn.“

María Sigrún: „Já einmitt.“

Samúel Örn: „En hvað segir þú? Er sjónvarpið ykkar bílað eða?“

Þriðjudagurinn 10. september



LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR

Vítiði hvað ég ætla að gera bráðum? Ég ætla að gera lista yfir fyrirtæki sem hata fólk. Það er það sem ég ætla að gera. Þennan lista mun ég síðan binda inn og selja í fermingarveislum og barnaafmælum.

Mánudagurinn 9. September



HELGI SELJAN

Hryðjuverkasamtökin "Skrapandi greinar" hafa gefið út yfirlýsingu þar sem þeir segjast bera ábyrgð á flestu því sem illa hefur farið á Íslandi; allt frá framleiðslu öndvegissúlunnanna sem leiddu menn hingað til lands, móðuharðinda, hringtorga í Kópavogi og bankahrunsins. "Gróðureyðing hins áður skógivaxna lands sé og hafi verið upphaf alls ills í landinu. Og hvíli alfarið á herðum samtakanna."

Fimmtudagurinn 5. September



AÐALHEIÐUR ÁMUNDADÓTTIR

Flytjum landsbyggðina í Vatnsmýrina og málið er dautt!

Miðvikudagurinn 11. september

TOPP 10

Íslenskir söngvararar

Kristni Hauki Guðnasyni er ekkert óviðkomandi þegar kemur að því að setja saman topp tíu lista. Þeir fjalla um allt milli himins og jarðar en eiga eitt sameiginlegt; þeir byggja alfarið á hans eigin skoðunum. Kristinn er sagnfræðingur að mennt, með MA-gráðu frá Háskóla Íslands.

10

Egill Ólafsson

Egill er vel þekktur úr leiklistarlífi þjóðarinnar, bæði á sviði og úr kvikmyndum, en langþekktastur er hann fyrir tónlistina. Hann hefur ákaflega einkennandi rödd sem margir grínistar hafa apað eftir. Stuðmenn eru sú hljómsveit sem hann er þekktastur fyrir að syngja með. Einnig hefur hann sungið mikið einn sins liðs og með öðrum hljómsveitum en hann nýtur sín án nokkurs vafa best með þjóðlagagrúpsveitinni Þursaflokknum. Þar á sérstök og kumpánleg rödd hans svo einstaklega vel við. Auk leiklistar og tónlistar hefur Egill reynt fyrir sér á öðrum sviðum. Hann gaf til dæmis út ljóðabók og bauð sig fram til Alþingis. Síðan má ekki gleyma því að hann hefur verið valinn kynþokkafyllsti maður landsins oftast en einu sinni.



Grafskrift – Þursaflokkurinn og Caput

9



Borgin – Hjálmar

Þorsteinn Einarsson

Þegar Hjálmar komu fram á sjónarsviðið fyrir tæpum áratug missti maður kjálkann í gólfið. Þetta var eiginlega ótrúlega en að Jamaíkumenn gætu sett saman bobbsleðalið. Íslendingar GÁTU spilað alvöru reggí. Fremstir í flokki fóru þeir Sigurður Guðmundsson orgelleikari og Þorsteinn Einarsson gítarleikari. Báðir hafa þeir sungið en Þorsteinn er tvímælalaust rödd Hjálma. Hann hljómar eins og seiðmaður og maður getur ekki annað en hrifist með. Hjálmar ýttu reggíbátum úr vör og aðrar hljómsveitir, eins og Ojba Rasta, hafa fylgt í kjölfarið.

8



To Be Free – Emilíana Torrini

EMILÍANA TORRINI

Emilíana stökk fram á sjónarsviðið um miðjan tíunda áratug síðustu aldar með unglíngahljómsveitinni Spoon. Það var ekki langlíft band en Emilíana hefur náð heimsfrægd með sólóferli sínum og unnið mikið í Bretlandi. Hún hefur ákaflega þægilega rödd og flest löggin hennar eru angurvær og falleg. Má þar nefna Gollum's Song sem hún söng fyrir kvikmyndina The Lord of the Rings: The Two Towers. En hún á sínar villtu hliðar líka eins og hún sýndi með laginu Jungle Drum, sem bjargaði íslenskrari ferðabjónustu úr gini Eyjafjallajökuls.

7



Heyr mína bæn – Elly Vilhjálms

Elly Vilhjálms

Elly var óumdeilanlega drottning íslenskrar dægurtónlistar á sjöunda áratugnum. Hún var ein af fyrstu stórstjórnunum hér á landi og átti ótal hittara. Hún söng jafnt ein, í dúettum og með hljómsveitum. Rétt eins og aðrir söngvarar hennar kynslóðar söng hún „hreint“, laus við allt þrjá. En mörg löggin hennar eru hálf-draugaleg. Eftir að dægurtónlist frá sjötta og sjöunda áratugnum var enduruppgvötuð heyrir hún reglulega á öldum ljósvakans. Oftast heyrir sjálfsagt ítalska Eurovision-lagið Heyr mína bæn sem KR notar á heimaleikjum sínum.

6



Gullvagninn – Björgvin Halldórs-son/BH Kvartettinn

Björgvin Halldórs-son

Það er bara pláss fyrir einn Bo. Strax í kringum 1970 var hann kominn á toppinn í íslensku poppi og hann hefur eiginlega aldrei stigið niður. Hafnfirðingur og töffari sem maður hefur heyrt ótal sögur af, örugglega flestar lognar eða í það minnsta ýktar. Hann hefur ekkert mjög einkennandi söngstíl en rödd hans þekkja allir Íslendingar, sérstaklega eftir að hann byrjaði að lesa upp dagskrána á Stöð 2. Hann á síðan ótal hittara, sérstaklega ballöður eins og Þó líði ár og öld og Ég lífi í draumi sem lifa með þjóðinni en eitt lag er þó einkennislag Bo og maður kemst alltaf í stuð við að heyra ... Gullvagninn!

5



Brúðkaupslagið – Todmobile

Andrea Gyldfadóttir

Það er varla til meiri töffari en Andrea í íslenskrari tónlist. Hún er sprenglærð í klassískri óperutónlist og það skín í gegn. En djassinn og blúsinn eru aldrei langt undan. Hún náði frægd á níunda og tíunda áratugunum með popp-/rokkgrúppunum Grafík og Todmobile en hefur síðan sungið með fjölmörgum hljómsveitum og unnið í leikhúsi. Hún hefur verið tilnefnd ótal sinnum til Íslensku tónlistarverðlaunanna, bæði sem söngkona og texta-höfundur. Náttúratalent út í gegn.

4



Higher and Higher – Jet Black Joe

Páll Rósinkranz

Fáar hljómsveitir hafa komið inn með jafn miklum ferskleika og krafti og Jet Black Joe snemma á tíunda áratugnum. Sveitin varð strax vinsæl og það var ekki síst Páli að þakka, þar sem hann hefur ákaflega sterka en jafnframt fallega rödd. Í Jet Black Joe voru gríðarlegir töffarar sem lifðu hinum sanna rokkaralífsstíl og hafa örugglega einhvern tímann hent sjónvarpi út um glugga hótélherbergis. Þeir voru líka aaaaalveg við það að „meika“ða“. Þá skyndilega klippti Páll sig, hætti í bandinu og fór að syngja eitthvert gospeljarm í Krossinum. Hvort Jet Black Joe hefði orðið heimsfræg skal ég ekki segja um en hún skildi að minnsta kosti eftir sig ágætán kafla í íslenskrari tónlistarsögu.

3



S.O.S. Ást í neyð – Vilhjálmur Vilhjálms-son

Vilhjálmur Vilhjálms-son

Ef einhver íslenskur tónlistarmaður á skilið viðurnefnið godsögn er það Villi Vill. Hann var ein skærasta stjarna íslenskrar tónlistar á sjöunda og áttunda áratugnum þar til hann lést sviplega í bílslysi 1978, aðeins 32 að aldri. Þrátt fyrir að vera ungur söngvari á þessum róttæku árum söng hann frekar gamaldags tónlist. Hann er þekktastur fyrir dægurlög og sveita-tónlist sem hann söng á kjarnyrtri íslensku rétt eins og Elly stóra systir.

2



Búkkolla – Laddi

Þórhallur Sigurðsson (Laddi)

Í tæp fjörutíu ár hefur Laddi verið fyndnasti maður Íslands. Þekktastur er hann fyrir að vera grínisti og ætli karakterarnir hans kipti ekki hundruðum. Einnig hefur hann leikið, bæði á sviði og í kvikmyndum, talsett barnaefni og gefið út fjöldann allan af plötum. Plöturnar sem hann gaf út á níunda áratugnum eru gimsteinar. Þær eru bráðfyndnar, bæði fyrir börn og fullorðna, og löggin eru afbragð. Sérstaklega verður að nefna plötuna Deið frá 1981 sem er meistaraverk. Einnig má nefna það að Laddi var nokkurs konar frumkvöðull bæði í reggí og rappi hér á landi.

1




Vertu þú sjálfur – Helgi Björnsson

Helgi Björnsson


Holy B er konungur íslenskar popptónlistar. Í þrjátíu ár hefur hann verið einn af duglegustu tónlistarmönnum landsins auk þess að leika á sviði og í kvikmyndum. Hann varð frægur með popphljómsveitunum Grafík og Síðan skein sóll en hóf sólóferil um miðjan tíunda áratuginn. Vinsældir hans náðu hins vegar nýjum hæðum þegar hann stofnaði Reiðmenn vindanna, sem spila aðallega sveitatónlist og gamlar dægurperlur. Sem dæmi um vinsældir hans má nefna að sumarið 2012 voru fimm af tuttugu mest seldu plötunum með Helga. Helgi er vægast sagt litríkur karakter, mikill stuðbolti sem lifir sig inn í það sem hann gerir, fyndinn og einlægur. Við hæfi er að loka þessum lista með einkennisorðum Helga: ERU EKKI ALLIR SEXÍ!?!?!?

Vert að minnast á: Sigurjón Kjartansson, Ragnar Bjarnason, Lovísa Sigrúnardóttir (Lay Low), Eyjólfur Kristjánsson, Kristján Kristjánsson (KK), Eiríkur Hauksson, Pétur Kristjánsson.



Toronto titrar

Rauðu dreglarnir hafa verið dregnir fram og svo virðist sem General Motors-bíla-verksmiðjurnar í Detroit hafi sent alla sína svörtu Chevrolet Suburban-jeppa yfir landamærin til Kanada. Herdeildirnar af ljósmyndurum eru búnir að dreifa sér á hvert götuhorn og bíða þolinmóðar eftir kvikmyndastjörnum, leikstjórum og öðru kvikmyndargerðarfólki. Við hlið þeirra



standa borgarbúar í sínum eigin lakkskóm, í von um að rekast á hetjurnar sínar í raunveruleikanum. Loftbrúin milli Toronto og Los Angeles hefur vart undan að ferja ábúendur í Hollywood yfir til Kanada svo þeir geti lyft hulunni af nýjustu sköpunarverkum sínum.


Verið velkomin á kvikmyndahátíðina í Toronto (TIFF), sem fer fram dagana 5.–15. september og nú í 38. sinn. Það sem Hróarskelda er fyrir tónlist er TIFF fyrir kvikmyndir. Þó að kvikmyndahátíðin í Cannes sé vissulega skjálftamiðja alþjóðlega kvikmyndaiðnaðarins er hátíðin ólíkt TIFF lokuð fyrir almenningi. TIFF er galopin fyrir lýðinn og umbreytist stærsta borg Kanada í eitt allsherjar bíó dagana sem hátíðin stendur yfir. Það er aðeins í þessa tíu daga sem borgarbúar gleyma alfarið íshokki um stund; þessa daga snýst allt um kvikmyndir. Á Toronto-hátíðinni 2013 getur hinn almenni en þolinmóði kvikmyndaáhugamaður skellt sér á heimsfrumsýningu með Brad Pitt og séð 12 Years a Slave, eða séð nýjustu kvikmyndastjörnu Íslands verða til í myndinni Málmhaus.


Markmið TIFF er að setja saman dagskrá sem endurspeglar það besta sem í boði er í alþjóðlegri og kanadískri kvikmyndagerð. Miðaverðinu er þó ekki stillt í hóf, því að bíómiðinn kostar um 3.000 krónur.

Gefur oft tóninn fyrir það sem koma skal

Til að koma kvikmynd að í sýningu hér verða menn að vera flinkir í sínu fagi og reiðubúnir í flestum tilfellum til að heimsfrumsýna kvikmyndir sínar á kvikmyndahátíðinni í Toronto. Þetta er ekki staðurinn til að flagga endurgerð á sjónvarpsþætti sem einu sinni rúllaði á vafasömum tíma í vitlausu húsi. Hátíðin er heldur ekki skrifuð fyrir listamenn sem eru djúpt sokknir í einhvers konar hreyfimyndalist þar sem vart má greina hvað á sér stað.

Tilhneigingin hefur verið sú að hér fæðir alþjóðlegi kvikmyndageirinn óskabörn sín, og margir vona að






Óskar frændi muni svo taka þeim opnum örmum. Árið 2012 var það hin frumstæða The Beast of the Southern Wild sem fékk áhorfendaverðlaunin, en í framhaldinu var hún tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta myndin. Kvikmyndagestir á TIFF hafa nefnilega verið lunknir í að velja líklega sigurvegara því í 25 af 38 skiptum hefur vinningsmyndin hlotið Óskarsverðlaunatilnefningu sem besta myndin, rétt eins og No Country for Old Men, American Beauty og The Artist hafa gert á undanförunum árum. Kvikmyndaáhugamenn gætu sleppt Golden Globe og lesið heldur í TIFF til að fá tilfinningu fyrir því hvaða myndir eru sigurstranglegastar á Óskarsverðlauna-hátíðinni. En fyrst þarf að heilla Toronto.



Smelltu til að sjá
hvernig áhorfendur
greiða atkvæði


Mikið og gott úrval nýrra kvikmynda



Fyrst á sviði var kvikmyndin The Fifth Estate, sem fjallar um Julian Assange, forsprakka Wikileaks, sem leikinn er af Benedict Cumberbatch úr Star Trek Into Darkness og Sherlock Holmes-þáttunum bresku. Myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi og mátti sjá glitta í Reykjavíkurborg í umfjöllun kanadískra dagblaða um myndina. Hún er að hluta til byggð á bókinni Inside Wikileaks: My Time with Julian Assange at the World's Most Dangerous Website.

Benedict Cumberbatch hefur farið um Toronto-borg eins og stormsveitarmaður, en hann leikur í þremur myndum sem sýndar eru á TIFF í ár. Eflaust er það ærið verkefni að kynna eina mynd á TIFF í einu, en honum bregður einnig fyrir í August: Osage County og 12 Years a Slave.

Nú þegar er tíðrætt um að myndin 12 Years a Slave eigi velgengni vísa, en hún fjallar um þrælalald í Bandaríkjunum á mjög óvæginn hátt í leikstjórn Steve McQueen, sem áður gerði hina mögnuðu Shame. Myndin gerist árið 1841 og segir frá frjálsum þeldökkum manni sem er rænt og hann seldur í þrældóm. Það sem á eftir kemur er sagt vera nær óbærilegt ofbeldi, en líklega



er óþarft að reyna að sykurhlaða þetta skammarlega tímabil í bandarískri sögu. Leikstjórinn með kunnuglega nafnið benti réttilega á að það væri eins og kvikmynda-
iðnaðurinn hefði vísvitandi forðast að segja sögur af þrælalögu. Steve McQueen er sagður nýta þessar 133 mínútur til hins ítrasta, og írski leikarinn Michael Fassbender gengur af göflunum í hlutverki sínu sem harðsvíraður þrælaeigandi. Framleiðandinn Brad Pitt leikur einnig lítið hlutverk í myndinni. Hann mætti óvænt á frumsýningu myndarinnar í Prince of Wales-leikhúsinu og aðdáendur fyrir utan sáu til þess að Toronto fór á hvolf rétt á meðan.

Skemmtileg blanda áhugamanna og fagmanna

Þótt TIFF sé enn kvikmyndahátíð kvikmyndahátíðanna, að minnsta kosti í þessari heimsálfu, má greinilega sjá að hátíðir eins og Telluride-hátíðin í Colorado eru farnar að anda ofan í hálsmálið á kvikmyndahátíðinni í Toronto. 12 Years a Slave var til að mynda heimsfrumsýnd í Colorado.

Ástralski leikarinn Hugh Jackman lét einu sinni hafa eftir sér að TIFF væri eina alþjóðlega kvikmyndahátíðin þar sem fulltrúar kvikmyndaíðnaðarins blönduðust þægilega saman við hinn almenna kvikmyndaáhugamann.

Jackman er á TIFF til að frumsýna nýjustu mynd sína, Prisoners eftir kanadíska leikstjóranum Denis Villeneuve. Jóhann Jóhannsson semur tónlistina fyrir myndina og er staddur í Toronto, en hann notaði tækifærið og hélt tónleika í borginni með verkum sínum á sunnudagskvöldið. Prisoners hefur spurst ákaflega vel út á TIFF og hafa þó nokkrir kvikmyndaspekingar spáð henni velgengni í vetur og jafnvel atlögu að Óskar. Frammistaða Jake Gyllenhaal í myndinni hefur vakið töluverða athygli og kæmi ekki á óvart ef hann yrði orðaður við einhverja gyllta verðlaunagripi áður en langt um líður.

Þungavigtarmaðurinn George Clooney er mættur með



Smelltu til að
horfa á stíklu fyrir
Málmhaus

aðra vísindaskáldsögu; Gravity, í leikstjórn Alfonso Guaron frá Mexíkó, en myndin skartar að auki Söndru Bullcock. Clooney er líklega umhugað um að bæta upp fyrir hina mislukkuðu vísindaskáldsögu Solaris, sem útskýrir kannski af hverju Gravity er í þrívídd. Öllu er tjaldað til.

Sem aðrar áhugaverðar kvikmyndir má nefna The Unknown Known, heimildarmynd um Donald Rumsfeld frá þeim sem gerðu The Fog of War, ef einhver treystir sér í það.

This Is Sanlitun er eftir Róbert Douglas, sem snýr nú aftur með kvikmynd sem gerist í Kína og hlýtur að vera myndin. Hann hefur áður gert myndirnar Íslenski draumurinn og Maður eins og ég, sællar minningar. Nýlega var tilkynnt að This Is Sanlitun yrði opnunarmynd RIFF þetta árið.

Magnaður Málmhaus

Ragnar Bragason og hans teymi heimsfrumsýndu kvikmyndina Málmhaus á hátíðinni á laugardagskvöld, en hún keppir til verðlauna í floknum Contemporary World Cinema. Ragnar reyndi síðast að sækja TIFF árið 2001 með frumraun sína Fíaskó, en frumsýningar hinn 11. september það árið fóru út um þúfur. Það er ánægjulegt að geta sagt að nú fór allt vel.

Í fyrra var það Baltasar Kormákur sem lenti í Kanada með Djúpið. Það segir sitt að helstu kvikmynda-leikstjórar landsins hafi kosið að frumsýna myndirnar sínar í Toronto ár eftir ár. Þannig geta kanadískir kvikmyndaáhugamenn og Íslendingar búsettir hér í borg verið vissir um að sjá það nýjasta frá Íslandi, á undan öllum öðrum.

Ragnar Bragason kemur með Málmhaus í kjölfarið á Bjarnfreðarsyni sem lokaði Vaktapáttunum, líklega því besta sem íslensk sjónvarpsþáttagerð hefur gefið af sér fyrr og síðar ásamt Fóstbræðrum. Ragnar var viðstaddur frumsýninguna ásamt framleiðandanum Árna Filippusyni og Þorbjörgu Helgu Dýrfjörð leikkonu, sem fer með



Góðar viðtökur

Málmhaus eftir Ragnar Bragason fær skín-andi dóma í The Grid, eins konar Toronto-útgáfa af Reykjavík Grapevine.

aðalhlutverkið í myndinni.

Málmhaus segir frá járnfrúnni Heru Karlsdóttur, sem upplifir bróðurmissi ung að árum, en líf hennar umturnast í kjölfarið svo um munar. Myndin hlaut finar viðtökur hjá kanadískum frumsýningar-gestum. Frammistaða Þorbjargar Helgu í fyrsta stóra hlutverki

sínu var afar eftirminnileg og Ragnar Bragason sérlega lunkinn í að finna hana og senda rakleiðis upp á svið með rafmagnsgítar í skítakulda.


Þorbjörg Helga leikur þungarokkara í sálarstríði á afskekktum sveitabæ undir Landeyjum um hávetur á tíunda áratugnum, og vinnur mikinn leiksigur.

Málmhaus er prýðileg mynd með sterkum leikara-hópi, vel studdum af heimsklassa kvikmyndagerðar-mönnum. Myndin er gríðarlega vel gerð og svo virðist sem tæknilega sé íslensk kvikmyndagerð komin á flug. Eftir að hafa tekið upp Guns N' Roses á hátindi frægðar sinnar er vel við hæfi að Ágúst Jakobsson (Gústi Guns) skuli bera ábyrgð á myndatökunni í Málmhaus.

Þorbjörg Helga og Ragnar Bragason svöruðu spurn-ingum frá frumsýningargestum að sýningu lokinni. Þar sagði Ragnar að hann hefði langað til að fara aftur í



Smelltu til að horfa Ragnar Bragason og Þorbjörgu Helgu svara spurningum aðdáenda



tímann og gera mynd þar sem íslenskt líf snerist meira um fjölskylduna og síður um peninga og efnisleg gæði.

Málmhaus eftir Ragnar Bragason fær mann til að staldra aðeins við og hugsa um náungann. Íslenskt þjóðfélag er það agnarsmátt að við höfum vart efni á að senda margt af okkar fólki í útleð bara af því að það er eilítið öðruvísi.

Ragnar flýr íslenska efnahagshrunið og það er undir-
liggjandi í söguþræði myndarinnar. TIFF hefur þannig fengið tvær íslenskar myndir í röð sem gerast mitt í miðri fæðuöflun Íslendinga á norðurslóðum, sjávar-
útvegi og landbúnaði í Málmhaus. Þetta virtust vera sér-
lega skemmtileg störf í Nýju lífi og Dalalífi en hættulegt strit í Djúpinu og Málmhaus.

Að sama skapi er það undarlegt að íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafi ekki enn tekist á við ís-
lenska fjármálahrunið. Kvikmyndir eiga að segja sögur úr samtímanum, rétt eins og Djúpið og núna Málmhaus hafa gert listilega vel. Efnistöð úr fjármálahruninu fyrir leikna íslenska kvikmynd hljóta að vera botnlaus, og handritið langt komið ef handritshöfundar teygja sig í Rannsóknarskýrslu Alþingis.

12 Years a Slave tók loks á þrælahaldi í Banda-
ríkjunum, það þurfti bara einn leikstjóra til að stíga upp og afgreiða málið. En kannski er það einmitt vegna smæðar Íslands að kvikmyndagerðarmenn hafa ekki enn ráðist í að segja söguna af íslenska fjármálahruninu.

En áfram heldur TIFF og veislan sömuleiðis.

BÍÓ ★ PARADÍS

NO



Everton vs.
AEK ATHENS
7.45pm Wednesday 8 August
Tony Hibbert Testimonial



Adults £15
JUNIORS £5
0871 663 1878
evertonfc.com




#hibboscores

Eins marks undur

Knattspyrnuáhugamenn elska óvæntar hetjur. Þótt hæfileikamestu leikmennirnir, sem skora flest mörkin eða framkvæma snyrtilegustu hreyfingarnar, séu iðulega vinsælastir á meðal þeirra þá hafa þeir tilhneigingu til að taka ástfóstri við ólíklegar andhetjur. Slíkar eru oft leikmenn sem annaðhvort hafa þjónað einstökum félögum af hundslegri tryggð eða bæta upp fyrir auðsjáanlegt hæfileikaleyfi með gríðarlegum vilja og krafti.

Einn hópur leikmanna sem verða oft dáðir og dýrkaðir er leikmenn sem skora aldrei. Eða mjög sjaldan. Þar er oft um að ræða leikmenn sem hafa spilað hundruð leikja án slíks árangurs og jafnvel án þess að eiga mörg skot á markið. Það getur verið nokkuð mögnuð upplifun að fara á leiki hjá liðum sem innihalda leikmenn sem



Faxe
Eina mark Faxe
fyrir Arsenal kom
á gamlársdag 1994,
þegar Faxe hafði leikið
98 leiki í röð án þess að
skora. Biðin hafði verið svo
löng að Arsenal aðdáendur höfðu
löngu áður vanið sig á að kyrja
söng á leikjum liðsins: „We'll be
there when Jensen scores“.

eru í þannig stöðu. Stuðningsmenn liðanna, sérstaklega á Englandi, uppveðrast í hvert sinn sem viðkomandi fær boltann og óskra hástöfum á þá að skjóta. Þúsundir stuðningsmanna mynda eitt stórt þrýstiafl í nokkrar sekúndur þegar þeir kyrja í sífellu „shoot...shoot...shoot“.

Ég var þar

John „Faxe“ Jensen var danskur miðjumaður sem vakti athygli snemma á tíunda áratugnum. Faxe spilaði framan af með danska stórliðinu Brøndby, með stuttri en ekki sérlega vel heppnaðri viðkomu hjá HSV í Hamborg. Þegar Danir komust óvænt í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu 1992, eftir að Júgóslavíu var hent út vegna stríðsástandsins þar, var Faxe kallaður til úr sumarfríinu sínu til að vera akkerið á miðju liðsins. Það sem gerðist síðar þekkja flestir; litla Norðurlandþjóðin sem átti ekki að vera með kom, sá og sigraði. Í undanúrslitum höfðu Danir Evrópumeistara Hollendinga undir eftir

vítakeppni og í úrslitaleiknum, þar sem andstæðingarnir voru hið nýsameinaða stórveldi Þýskaland, vannst 2-0 sigur. Faxe, sem leit þá þeim tíma út eins og Kenny Powers (úr hinum frábæru þáttum „Eastbound and Down“) án kleinuhringsins, skoraði annað markið.

Eins og alltaf eftir lokakeppni börðust stórlíð Evrópu um helstu hetjur sigurvegaranna og Faxe var klárlega ein þeirra. Á endanum hneptti Arsenal, þá undir stjórn hins „Mad Men“-lega George Graham, hnosið. Jensen naut ágættrar velgengni hjá Arsenal. Líðið vann bæði deildarbikarinn og FA-bikarinn á fyrsta tímabilinu hans og varð Evrópumeistari bikarhafa árið eftir. Hans verður þó aldrei minnst vegna þeirra sigra. Faxe er eftirminni-legastur fyrir að hafa aðeins náð að skora einu sinni fyrir Arsenal, þrátt fyrir að hafa spilað alls 132 leiki fyrir líðið. Slík tölfræði er ekkert einsdæmi, en hana er oftast að finna hjá varnarmönnum. Faxe spilaði á miðjunni. Og það var ekki vegna skorts á tilraunum sem hann skoraði ekki. Hann reyndi gríðarlega mikið.

Markið einstaka kom á gamlársgang 1994, þegar Faxe hafði leikið 98 leiki í röð án þess að skora. Biðin hafði verið svo löng að Arsenal-aðdáendur höfðu löngu áður vanið sig á að kyrja söng á leikjum liðsins: „We'll be there when Jensen scores“, eða við verðum á staðnum þegar Jensen skorar.

Andstæðingur Arsenal í leiknum var QPR og gestirnir leiddu 1-0 þegar Faxe fékk boltann vinstra megin í vítateignum. Stuðningsmennirnir hófu strax að öskra „shoot“, sem hann gerði og boltinn söng í fjærhorninu. Allt varð vitlaust á gamla Highbury. Stuðningsmennirnir sungu „Johnny Jensen, Johnny Jensen“ látlaust það sem eftir lifði kvölds. Það dugði ekki til og QPR vann leikinn. Enginn man hins vegar eftir úrslitunum í dag. Þeir sem á horfðu muna bara eftir eina markinu hans Faxe. Alla tíð síðan hafa selst bolir við heimavöll Arsenal sem á stendur „I saw John Jensen score“.

Faxe heldur því reyndar fram sjálfur að hann hafi



Smelltu til að sjá
eina mark Faxe fyrir
Arsenal

OFBELDISMAÐURINN FRANCIS BENALI

Francis Benali fæddist í Southampton og var fastagestur á The Dell, goðsagnakenndum heimavelli þess sögufæra liðs. Hann skrifaði undir samning við félagið í júlí 1985 á sama tíma og annar sögulegur risi, latasta tía mannkynssögunnar, Matt Le Tissier. Benali var upphaflega framherji, eins ótrúlega og það hljómar. Hann var þó fljótt færður í vörnina, þar sem hann lék 311 leiki fyrir Southampton. Þeir hefðu verið fleiri ef hann hefði ekki safnað spjöldum eins og Tommy Lee hjásvæfum. Alls var Benali rekinn út af ellefu sinnum á ferlinum. Margir vildu meina að hann væri miklu meiri ofbeldishrotti en fótboltaleikmaður.

Benali skoraði einungis eitt mark í keppnisleik fyrir Southampton.

Það kom 13. desember 1997 gegn Leicester. Aldavinur hans Le Tissier gaf þá fyrir úr aukaspyrnu og enginn andstæðinganna hafði neitt fyrir því að dekkja Benali, sem var svo sem ekkert óeðlilegt. Líkurnar á að hann skoraði voru sáralitlar. Benali stangaði boltann hins vegar inn og The Dell hreinlega sprakk af gleði.

Benali náði reyndar að skora annað mark, í ágóðaleik sem spilaður var honum til heiðurs þetta sama ár. Það sýnir vel hversu mikils metinn hann var af stuðningsmönnum Southampton að það seldist upp á leikinn. Áhorfendur fengu það sem þeir vildu þegar Benali negldi boltann inn með skoti langt utan af velli.



skorað tvö mörk. Hitt markið var í vítaspyrnukeppni í leik um Góðgerðarskjöldinn, en mörk í slíkum keppnum teljast aldrei sem fullgild mörk í tölfraedi. Þess utan stóð stórvinur og landi Faxe, Peter Schmeichel, í marki andstæðinganna. Lengi hafa verið samsæriskenningar uppi að hann hafi séð aumur á vini sínum.

When Hibbo scores we riot

Tony Hibbert fæddist í Huyton-hverfinu á Merseyside. Hann er því borinn og barnfæddur Liverpool-búi og lék sem drengur í liðum með öðrum goðsögnum á borð við Steven Gerrard, sem ólust upp í þessu harða hverfi. Þegar Hibbert, sem var alinn upp sem stuðningsmaður Everton, var tíu ára fékk hann samning við uppáhaldsliðið sitt. Eftir önnur tíu ár í unglunga- og varaliðinu fékk hann loks tækifæri hjá aðalliðinu og festi sig þar í sessi.

Hibbert er líklega einn tæknilega takmarkaðasti leikmaður sem spilar í efstu deild í Englandi. Hann er hins vegar granítharður hægri bakvörður sem hefur öðlast

FRÆGASTI LÁNSMARKMAÐUR HEIMS

Jimmy Glass er ekki frægasta nafnið í boltanum. Hann var svokallaður farandmarkmaður, sem náði að vera í hópi hjá sextán mismunandi liðum á ferli sínum og spila fyrir tólf þeirra. Vert er að taka fram að flest þessara liða voru neðri- eða utandeildarlið.

Glass er hins vegar sannkölluð cult-hetja í hugum stuðningsmanna Carlisle United. Árið 1999 kom hann þangað að láni frá Swindon Town. Í lokaleik tímabilsins þurfti Carlisle að vinna Plymouth til að forðast fall úr ensku deildakeppninni og niður í utandeildina. Þegar tíu sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma var staðan 1-1 og Carlisle átti horn. Í órvæntingarfullri lokatilraun til að skora fóru allir leikmenn liðsins inn í vítateig andstæðinganna til að reyna að skora, og þar á meðal markvörðurinn Glass, sem var að leika aðeins sinn þriðja leik fyrir liðið. Og auðvitað skoraði hann markið sem hélt Carlisle uppi. Stuðningsmenn þustu inn á völlinn og fólksvalaus alsælan lak af andlitum þeirra.

Saga Glass fór sem eldur um sinu um heimsfjölmiðlana. Saga algjörlega óþekktá lánsmarkmannsins sem skoraði mark á síðustu sekúndu síðasta leiks



tímabilsins og bjargaði vinnuveitendum sínum frá falli er enda persónuleg hetjusaga sem allir elska að heyrna. Glass hætti í knattspyrnu árið 2001, þá einungis 27 ára gamall. Hann seldi um tíma tölvubúnað en hefur undanfarin ár keyrt leigubíl og á í dag sína eigin leigubílastöð.



Smelltu til að horfa á myndband um Jimmy Glass

mikla virðingu fyrir að tækla menn upp í nára og gefa aldrei tommu eftir. Með tilkomu bakvarða á borð við Roberto Carlos fór sóknarhlutverk bakvarða almennt að verða meira í knattspyrnunni. Þegar leið á fyrsta áratug þessarar aldar varð sú krafa æ almennari að bakverðirnir væru eins og rennilásar upp og niður kantinn. Að þeir legðu upp og skoruðu mörk á öðrum endanum en stöðvuðu sömu gjörðir á hinum.

Þrátt fyrir mikla tæknilega annmarka hans elska stuðningsmenn Everton Hibbert. Þar skiptir miklu að




Smelltu til að sjá eina
mark Tony Hibbert
fyrir Everton

hann er heimamaður sem er alinn upp á sömu slóðum og við sambærilegar aðstæður og þeir sem sitja í stúkunni á Goodison Park (sem þýðist alls ekki sem Guttagarður). En önnur ástæða þess að hann er svona vinsæll er, eins sérkennilega og það hljómar, að hann skoraði aldrei. Hibbert hafði raunar leikið 309 leiki í búningi Everton án þess að skora þegar undur og stórmerki gerðust.

Stuðningsmenn Everton hafa sett gríðarlegan þrýsting á Hibbert árum saman vegna markaleysis hans. Alltaf þegar hann fær boltann, sama hvar hann er á vellinum, er öskrað á hann að skjóta. Þannig hafði þetta verið árum saman. Í sölubásum fyrir utan heimavöll Everton höfðu líka verið seldir fánar og aðrir minjagripir sem á stóð „When Hibbo scores we riot“. Þegar Hibbo skorar munum við framkvæma uppþot.

Hinn 8. ágúst 2012 var haldinn ágóðaleikur fyrir Hibbert, eins og tíðkast fyrir leikmenn sem hafa leikið í tíu ár fyrir sama félagið. Andstæðingur Everton var gríska liðið AEK frá Aþenu og leikurinn var liður í lokaundirbúningi Everton fyrir nýtt tímabil í ensku úrvalsdeildinni. Í aðdraganda leiksins var mikið rætt um að það þyrfti að búa til aðstæður fyrir Hibbert til að skora. Hann mætti hins vegar sjálfur í viðtöl og sagðist ekki taka í mál að gefins einhver mörk. Hann myndi til dæmis ekki taka víti undir neinum kringumstæðum. Leikurinn var stórviðburður í Liverpool. Hibbert er það sem kallast á slæmri íslensku cult-hetja þar í borg og stórstjarnan Wayne Rooney, sem er uppalinn Everton-maður, bað um leyfi hjá Manchester United til að fá að leika í leiknum en fékk ekki frí frá þátttöku í sýningaleik gegn Barcelona í Svíþjóð sem fór fram á sama tíma. Rooney var víst ekki ánægður með þá niðurstöðu.

Á 53. mínútu fékk Everton aukaspyrnu úti við vinstra horn vítateigs andstæðinganna. Það kom alltaf aðeins einn maður til greina til að taka hana. Þegar Hibbert stillti sér upp hélt gervallt Everton-heimsþorpið, hvort sem íbúarnir voru staddir á Goodison eða fylgdust með



Í gegnum tölvur eða sjónvörp víðs vegar um heiminn, niðri í sér andanum. Gæti þetta verið að fara að gerast?

Líkt og í lélegri Hollywood-ræmu gerðist auðvitað það sem allir vonuðust til að myndi gerast. Hibbert hamraði boltann neðarlega í nærhornið. Sjálfur vissi hann ekkert hvernig hann ætti að haga sér, enda gjörsamlega óvanur því að skora, en samherjar hans hentu sér samstundis á hann og áhorfendur misstu sig í fólksvalausri gleði. Þeir gerðu raunar betur en það og stóðu við stóru orðin: þegar Hibbo skoraði framkvæmdu þeir uppbot. Hundruð Everton-áhangenda þustu inn á völlinn til að fagna andhetjunni sinni. Stöðva þurfti leikinn í nokkrar mínútur á meðan völluminn var rýmdur. Það hlýtur að vera einsdæmi að það eigi sér stað innrás á völl hjá svona stóru liði í leik á undirbúningstímabilinu. Viðbrögðin sýna hins vegar hvað markið skipti stuðningsmennina og Hibbert miklu máli. Þau sýndu tærustu fegurð knattspyrnunar. Og voru ógleymanleg.



Íslenskt hugvit fær heimsathygli á met tíma

Á

einni viku hefur Kúla Deeper safnað yfir einni milljón króna á Karolina Fund. Mest af fjármagninu kemur frá Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Kúla Deeper-ljósmyndataekið getur þú fest framan á venjulegar myndavélar og tekið þínar eigin þrívíddarmyndir, hvort sem er ljósmyndir eða myndskleið.



Margir sem fylgjast með tækniþróun hafa spáð því að stutt sé í að þrívíddarlinsur verði fánlegar á venjulegar myndavélar. En lausnin sem Kúla Deeper hefur hannað hefur komið mörgum á óvart því tækið er sett beint á linsurnar og virkar því með nánast hvaða linsu sem er.

Með sérstöku forriti sem fylgir Deeper er hægt að vinna þrívíddarmyndir og með þrívíddarglæraugum er hægt að skoða myndir beint í myndavél.

Frá 20 niðurstöðum upp í 25.000 á Google

Þegar Kúla Deeper fór í loftið á karolinafund.com var verkefnið lítið þekkt. Leit á Google skilaði 20 niðurstöðum daginn sem verkefnið fór af stað. Rétt rúmri viku síðar skilar Google-leit um 25 þúsund niðurstöðum þegar sömu leitarorð eru slegin inn. Því er greinilegt að Kúla á sér hljómgrunn víða.

Íris Ólafsdóttir starfaði sem verkfræðingur hjá dönsku nýsköpunarfyrirtæki eftir útskrift frá Danmarks Tekniske Universitet en eftir að hún kom heim til Íslands aftur hóf hún fljótlega að vinna að eigin viðskiptahugmynd.

„Ég fór á Karolina Fund-vefsíðuna til að fjármagna



fyrstu framleiðslu vörunnar eftir að rannsóknar- og þróunartímanum lauk. Þá var Karolina Fund mjög góður vettvangur til að fjármagna framleiðsluna – og svo auðvitað fylgir því ómetanleg kynning í leiðinni.“


Þegar verkefninu var hleypt af stokkunum náði það samstundis „viral“-dreifingu á internetinu. Margir af stærstu miðlum heims í tækni- og nýsköpunargeiranum fjölluðu um verkefnið. Má þar nefna vefsíður og fréttaveitur á borð við Techcrunch.com og Wired.co.uk[12].

Myndband sem kynnir verkefnið var búið til af starfsfólki Karolina Fund og hefur nú fengið yfir 16 þúsund áhorf á myndbandasíðunni Vimeo.com.

Speglar lykil í Kúla Deeper-þrívíddarljósmyndun

Kúla Deeper sker myndina með tveimur speglum í myndir sem teknar eru upp samhliða. Með forriti sem fylgir græjunni er myndunum síðan skeytt saman í þrívíddarmynd á hvaða skráarsniði sem er.

Fjarlægðin á milli speglanna er meiri en á milli augna. Það skilar sér í ákveðinni dýpt sem Íris (hönnuðurinn) notfærði sér til þess að hanna vöruna. Það er auðvelt að setja Kúla Deeper á myndavél og smella af. Þannig skapast ákveðið frelsi fyrir ljósmyndara til



Þess að velja á milli þess að taka hefðbundnar ljósmyndir og þrívíddarmyndir. Þarna er jafnvel kominn möguleiki fyrir fólk til þess að taka upp sínar eigin þrívíddarkvikmyndir.

„Leið eins og ég hefði unnið í fegurðarsamkeppni“

Íris hóf að vinna að Deeper árið 2010 og er núna að fá sín fyrstu alvöru viðbrögð frá ljósmyndamarkaðnum, sem hafa heldur betur verið góð. Daginn sem verkefnið fór í loftið fékk það samstundis viðbrögð sem sýna að varan á fullt erindi á markaðinn.


Í framhaldinu hafa nokkrir stórir evrópskir dreifingaraðilar haft samband og lýst yfir áhuga á að koma að dreifingu á vörunni þegar framleiðslan er tilbúin. Einnig hafa fjárfestar sett sig í samband við Írisi og mun hún núna opna fyrir þann möguleika að selja hlutafé í fyrirtækinu til þess að fjármagna frekari vöxt þess og framleiðslu.

Þegar Íris er spurð að því hvernig það hafi verið að fá jafn frábær viðbrögð og raunin var þegar verkefnið fór í loftið svarar hún: „Mér leið eins og ég hefði unnið í fegurðarsamkeppni,“ og bætir svo við: „Það er góð markaðssetning fólgin í því að fara í hóp fjármögnun fyrir allra augum en hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér. Sem betur fer fékk ég frábær fyrstu viðbrögð og hef núna ákveðna staðfestingu á því að það sé raunveruleg eftirspurn eftir vörunni. Margir dreifingaraðilar og ljósmyndavöruverslanir hafa haft samband, svo það má segja að setið sé um fyrsta upplagið.“

En framleiðslan er dýr og enn er langt í land með að fjármögnun takist. Ein milljón hefur safnast af átta milljóna króna takmarki.

Fylgist nánar með framgangi verkefnisins á karolinafund.com.

Á tónlist að vera ókeypis?



Einu sinni voru hljóðrit ekki til. Jafnvel eftir að hljómsveitir og tónlistarmenn höfðu náð talsverðri frægð var ekki hægt að heyrast tónlistina nema vera í sama rými og þeir sem fluttu hana. Svo við einföldum ansi margt og hoppum órátt til í tíma má láta sér detta í hug að þeir sem vildu búa sér til peninga með tónlistinni hafi gert það með því að spila fyrir aðra. Tónleikar, jafnvel í ætt við smærri popptónleika nútímans (orðið „popp“ er hér notað sem regnhlífarhugtak yfir vinsældatónlist, hvort sem um er að ræða popp, rokk, djass eða eitthvað annað), hafa verið stórkostleg upplifun og þeir sem stóðu upp úr og sköruðu fram úr hafa sjálfsagt haft ágætar tekjur af. Á einhverjum tímapunkti var hugmyndaflug og tækni-kunnátta komin á þann stað að hægt var að taka upp tónlist á varanlegt form. Áhugafólki um tónlist hefur þótt þetta frábært og aftur hljóta leiðandi öfl á þessu sviði að hafa haft það gott. Tónlistarbransinn stækkaði fram eftir síðustu öld og lengi vel var það svo að upp-tökur voru rándýrar, svo dýrar að aðeins fáir útvaldir réðu við að kljúfa kostnaðinn. Framleiðsla og útgáfa var sömuleiðis óskaplegt bákn og því sátu tiltölulega fáir að gullinu. Hljómplötur seldust mjög vel eins og gefur að skilja, verðið var sanngjarnt miðað við markaðinn, kostnaðinn og fyrirhöfnina, og tónlist blómstraði sem atvinnuvegur. Hljómplatan sem form varð allsráðandi og

MARGAR LEIÐIR TIL AÐ NÁLGAST TÓNLIST Á VEFNUM



Smelltu til að horfa á viðtal við Tom DeLonge

Tom DeLonge, meðlimur Blink 182 og Angels & Airwaves, hefur mjög skemmtilega sýn á þetta mál. Hér til hliðar má nálgast hluta úr viðtali þar sem hann ræðir einmitt þetta. Viðtalið í heild sinni er síðan stórskemmtilegt.

In Utero með Nirvana á Spotify. Platan er pródúseruð af Steve Albini, sem hefur unnið með fjölmörgum stórkostlegum listamönnum gegnum tíðina. Hann vann meðal annars með Ensími að gerð plötunnar BMX sem kom út árið 1999.

Ef þú ert ekki með Spotify geturðu

hlustað á [In Utero hér á YouTube](#) án endurgjalds. Það er sennilega ólöglegt samkvæmt ströngustu skilgreiningum en það er þó ekki allveg víst.

Ef þú vilt eiga In Utero á harða disknum þínum en vilt ekki borga fyrir hana [geturðu sótt hana hér](#), að því gefnu að þú hafir sett upp forrit til að hlaða niður torrent-skrám. Það er kolólöglegt.

In Utero verður endurútfengin hinn 24. september vegna 20 ára afmælis plötunnar. [Miðað við lýsingarnar hjá Rolling Stone](#) verður þetta svakalegur pakki. Þetta ætla ég að kaupa!


í rauninni heilagur gripur. En hún er það ekki lengur.

Í dag getur hver einasti einstaklingur tekið upp tónlist, eða búið hana til á annan hátt, og gert öðrum kleift að hlusta á hana. Hvert einasta mannsbarn fyrir ofan fátæktarmörk getur gefið út eina slíka og framboðið er svakalegt. Nú er ég ekki að halda því fram að plata sé bara plata og innihaldið skipti engu, það sem ég vil benda á er að plötuútgáfan ein og sér veitir enga sérstöðu lengur. Þess vegna fer óskaplega í taugarnar á mér þegar tónlistarmenn og plötuútgefendur koma kvartandi fram á sjónarsviðið, veifandi vísifingri, og segja okkur að það sé bannað að hlaða plötunum þeirra niður, við eigum að kaupa. Jæja já? Og af hverju? Er þín plata eitthvað betri en aðrar plötur? Er eitthvað sem þú ætlar að gera til að vinna mig yfir á þitt band? Ertu í alvörunni svo hrokafull(ur) að þú haldir að þú standir upp úr þeim hafsjó af tónlistarfólki sem er að gera það sama og þú án þess að leggja örlítið meira á þig? Ættirðu ekki frekar að nota tímann í að sannfæra mig um að kaupa, frekar en að eyða orkunni í að banna mér að stela?

Ég er tónlistarmaður og hef sjálfur tekið stóran þátt í að markaðssetja tónlistina mína. Ég hef farið misjafnar leiðir eftir verkefnum en aldrei hef ég gengið út




frá því að fólk láti mig hafa peningana sína án þess að ég þurfi að hafa fyrir því. Fyrst þarf að búa til tónlist og gera hana aðgengilega en eftir það er í raun best að taka hana út út menginu. Tónlistin sjálf þarf auðvitað að standa undir pressunni og höfða til fólks en það er ekki til umræðu hér og efni í miklu lengri pistil. Það verkefni sem hefur tekið mest af tíma mínum undanfarið er þungarokkhljómssveit sem ég er sjálfur í, verkefni sem fyrir fram lítur ekki út fyrir að geta skilað miklu. Við byggðum aðferðir okkar á aðferðum þungarokksveita níunda áratugarins. Fyrst bjuggum við til merki hljómssveitarinnar, hið svokallaða „logo“ sem einkennir allt sjónrænt efni sem unnið er. Við seljum fatnað, stöndum fyrir viðburðum, höldum tónleika, erum með aðdáendaklúbb og almennt hvetjum fólk til að taka þátt í því sem við erum að gera. Internetið er þungamiðjan, og þar komum við okkur á framfæri, eigum samskipti við fólk og gerum eitthvað sem fólk vill vera hluti af. Við komum heiðarlega fram, búum til vöru sem fólk vill kaupa án




Þess þó að stíga út fyrir prinsippin okkar eða glata heilindum. Fólk tekur þátt, segir vinum sínum frá og hópurinn stækkar jafnt og þétt. Fleiri mæta á tónleika, fleiri bolir seljast, fleiri vilja vinna með okkur og hnyk-illinn stækkar. Hliðarafurðin er sú að tónlistin okkar selst en það er í raun aukaatriði þegar allt kemur til alls. Mikilvægt er þó að hafa hana sem aðgengilegasta.

Áhugafólki um tónlist má skipta í tvo hópa. Í fyrri hópnum er fólkið sem nálgast tónlist á netinu (löglega eða ólöglega) og hlustar í iPod-inum. Í seinni hópnum erum við nöttararnir, fólkið sem kaupir sérstakar útgáfur af tónlistinni, vínylplötur og alls konar nördadót, veit hver stjórnaði upptökum á In Utero með Nirvana (sem ég er einmitt með í eyrunum meðan ég skrifa þetta) og þar fram eftir götum. (Þessi skilgreining er auðvitað mjög ófullkomin. Í þriðja hópnum eru þeir sem stilla á Bylgjuna og bíða eftir því sem fyrir þá er lagt en við skulum taka þetta fólk út af borðinu og halda okkur við fyrri útskýringu til þæginda. Svo blandast þessir hópar auðvitað saman á ýmsa vegu.) Ekkert okkar hefur sérstaklega áhuga á því að borga fyrir tónlist, ég ætla að fullyrða það hér og nú. Og það er kjarni málsins; það sem við eigum að selja fólki er ekki tónlistin sjálf heldur það sem tengist henni.

Fyrri hópnum eigum við að selja fullkominn og vandræðalausan aðgang að tónlistinni sem hann vill hlusta á. Spotify og aðrar slíkar veitur eru vonandi upphafið að einhverju stærra í þeim efnum en enn er langt í land. Módelið er ekki fullkomið eins og það er, listamaðurinn fær of lítið til sín og þriðji aðili of mikið, götin í veitunni eru enn of stór og samfélagið ekki nógu fullkomið. Þegar þetta allt kemst á hreint er ég viss um að hópur 1 verður til í að borga umtalsverða upphæð fyrir áskriftina. En þá þarf þetta líka að vera gott. Hópur 2 vill miklu meira. Hann vill fá að vera með í leiknum, eiga hluti og upplifa eitthvað sem Spotify og félagar koma ekki til skila. Hér er það undir tónlistarmönnum





sjálfum komið og þeirra fólki að vinna vinnuna. Hvað viltu búa til til að koma þér á framfæri? Tónleikar, fatnaður, viðburðir, netverslanir, klúbbar, íburðarmiklar útgáfur af tónlistinni á vínyl, geisladiskum, mynddiskum eða hvaðeina sem þér dettur í hug, það er allt opið. Finndu það sem hentar þér og þinni hugmyndafræði og reyndu að skilja þig frá fjöldanum.

Spurningin er ekki lengur hvort tónlist á að vera ókeypis eða ekki. Hún er ókeypis nú þegar hvort sem okkur líkar það betur eða verr og þrátt fyrir allar raddirnar sem berjast á móti. Ef við finnum hana ekki á YouTube þurfum við að fara í örlítið meiri aðgerðir en undantekningalítið gengur það upp á nokkrum mínútum. Jú, þetta er á pappírnum bannað en þróunin er komin svo langt að við getum ekki stöðvað hana með skömmum og valdi. Við verðum að gera löglegu leiðina meira spennandi en þá ólöglegu og leggja því hugarfari að það sé nóg að taka upp tíu lög og setja á ljótan og rándýran geisladisk og grenja svo þóttafullum gráti yfir því að enginn kaupir. Skárri er það nú helvítis hrokinn.



Betri hasarmynd en samfélagsádeila

KVIKMYNDIR
Elysium
í leikstjórn
Neill Blomkamp
★★★★★

Leikstjórinn Neill Blomkamp hefur þegar skapað sér sérstöðu á meðal hasarleikstjóra samtímans. Í frumraun sinni, District 9 frá árinu 2009, sameinaði hann vísindaskáldskap og dramatíska samfélagsádeilu með því að yfirfæra aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku á stærra sögu-svið, þar sem landflótta geimverur eru útskúfaðar úr samfélaginu sem þær leita hjálpar í, samfélagi mannkynsins.

Í Elysium er að finna sambærilega samfélagslega sögn, en á almennari hátt. Hér er fjallað um óréttlæti stéttaskiptingar, auðsöfnun þeirra ríku á kostnað fátækra, eyðileggingu á auðlindum jarðar í gróðaskyni og illskuna sem viðgengst til að viðhalda óbreyttu

ÞRENT GOTT

- Hönnunin á Elysium-stöðinni er hreinlega stórkostleg.
- Sharlto Copley stimplar sig inn sem klassaleikari í hverju einasta atriði sem hann fær.
- Dubstep er ennþá vinsælt í Los Angeles árið 2154.

ÞRENT SLÆMT

- Dubstep er ennþá vinsælt í Los Angeles árið 2154.
- William Fichtner fær allt of lítinn tíma á skjánum.
- Spænskumælandi vinir Max eru samansafn af staðalmyndum úr bíómyndum síðustu tuttugu ára.



Smelltu til að
horfa á stiklu fyrir
Elysium

grimmdarástandinu. Öllu þessu er svo pakkað inn í hæfilega skítugan og afskaplega hraðan afþreying-arpakka. Hann nær ekki sömu hæðum og District 9 en er samt prýðisleg síðsumargjöf handa hasarþyrstum áhorfendum.

Matt Damon er eðalleikari og gerir sannarlega vel í hlutverki hins útskúfaða og örvæntingarfulla Max, fyrrverandi glæpamanns sem hefur lent í hræðilegu vinnuslysi og hefur aðeins nokkra daga til að smygla sjálfum sér til geimstöðvarinnar Elysium, þar sem hann getur fengið lækningu. Geimstöðin er heimili þeirra ofurríku og er vandlega gætt af næstráðanda samfélags þeirra, Delacourt, sem Jodie Foster leikur af sínum alkunna krafti. Hún hefur sjaldan fengið að leika illmenni og nýtur þess greinilega að fá loks að gnísta tönnum af grimmdarþorsta, þó að hún fái ekki beinlínis bestu samtöl ferils síns til að vinna með.

Stjarna myndarinnar er hins vegar Sharlto Copley, sem lék einmitt aðalhlutverkið í District 9 (og stal svo senunni í The A-Team ári seinna). Hann leikur dekkri og grimmari persónu en við höfum áður séð hann kljást við, hinn siðblinda og tjörugeðveika Kruger, sem Delacourt notar til að hafa uppi á og stúta óvinum og mögulegum ógnvöldum Elysium-stöðvarinnar. Því minna sem er sagt

um Kruger, þeim mun betra, en það er hreinlega magnað hvernig hann nær áhorfendum á sitt band, þar sem hann býr til þjáðan, margslunginn og heillandi persónuleika utan um einhvern sem gæti svo auðveldlega verið „enn eitt illmennis-handbendið“.

Hvað söguheiminn varðar glímur Blomkamp við áhugaverða áskorun; að skapa trúverðuga framtíðarsýn samhliða dystópíu-fantasiunni sem sagan augljóslega er. Jörðin í augum Blomkamps er orðin einn samfelldur ruslahaugur árið 2154, lítið meira en deyjandi orkulind fyrir siðblinda ríka pakkið, sem svífur í sérhönnuðum draumaheimi og vilar ekki fyrir sér að stúta þessum pirrandi maurum sem almúginn á jörðu niðri er í augum þess, komist þeir nálægt því að brjótast inn í himnaborg hinna ríku. Líkt og í District 9 skapast ákveðið skítugt raunsæi í kringum tilveru Max og samferðafólks hans, en litlu brotin í þessari framtíðarsýn trufla upplifunina að einhverju leyti. Miðað við árafjöldann sem á að hafa liðið hefur tækniumhverfi þeirra ríku nánast ekkert þróast frá deginum í dag, en samt hafa þeir náð að byggja draumaveröld úti í geimnum, hinn fullorðni Max er furðustirður í spænskunni miðað við að hann er alinn upp í spænskumælandi klaustri, hljóðheimurinn bindur sig furðufast við gettóhluta Los Angeles dagsins í dag og svo mætti telja áfram. Það gerir þetta hjónaband dystópíu, hasarævintýris og raunsærrar framtíðarsýnar nokkuð brokkgengt.

Auk þess tekur framvindan á sig mjög hefðbundna mynd en viðsnúningar í sumum persónum þvælast frekar fyrir en hitt og draga úr spennunni í loka-kaflanum, hreinlega vegna þess að áhorfandinn hættir að skilja afstöðu sumra mikilvægustu karakteranna.

Þrátt fyrir það er Elysium hin besta afþreying, jafnvel þó að samfélagsádeilan risti ekki jafn djúpt og í fyrstu mynd Blomkamps.

ELYSIUM Í TUTTUGU ORÐUM

Elysium er betri hasarmynd en samfélagsádeila en nær samt að vera ein af áhuga-verðustu vísindaskáldsögum ársins. Sharlto Copley stelar senunni.

Klárur málið!

Tökum höndum saman og útrýmum mænusótt



Mænusótt er ólæknandi sjúkdómur sem örkuð barn og dregur jafnvel til dauða. Griðarlegur árangur hefur hins vegar náðst í baráttunni gegn sjúkdómnnum. Til að útrýma mænusótt á heimsvísu þarf að tryggja að öll börn fái bólusetningu sem verndar þau til æviloka.



til að gefa
10 bólusetningar
(250 kr)

unicef 



kjarninn

Takk fyrir að lesa Kjarnann

UM KJARNANN

Kjarninn kemur út á fimmtudagsmorgnum. Hann er gefinn út fyrir iPad og iPhone ásamt því að vera aðgengilegur í PDF-formi á vefnum.

Ritstjórn ritstjorn@kjarninn.is

Pórður Snær Júlíusson, ritstjóri thordur@kjarninn.is
Magnús Halldórsson, blaðamaður magnush@kjarninn.is
Ægir Þór Eysteinnsson, blaðamaður aegir@kjarninn.is
Pórunn Elísabet Bogadóttir, blaðamaður thorunn@kjarninn.is

Framleiðsla

Birgir Þór Harðarson, framleiðslustjóri birgir@kjarninn.is
Magnús Teitsson, málfarsráðunautur magnus.teitsson@gmail.com

Framkvæmdastjórn kjarninn@kjarninn.is

Gísli Jóhann Eysteinnsson, framkvæmdastjóri gisli@kjarninn.is
Hjalti Harðarson, framkvæmdastjóri hhardarson@kjarninn.is

Auglýsingar auglysingar@kjarninn.is

Kjarninn
Kt: 690413-0190
Laugavegi 71
101 Reykjavík
S: 551-0708

www.kjarninn.is

www.facebook.com/kjarninn

www.twitter.com/kjarninn_is

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.